



HEILBRIGÐISEFTIRLIT REYKJAVÍKUR

Borgartún 12-14, 105 Reykjavík - Sími 411 1111

www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit - heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Umsókn um starfsleyfi

- Ný starfsemi Nýskráning Eigendaskipti Endurnýjun leyfis
 Flutningur í nýtt húsnæði Breytingar á húsnæði Breytingar á starfsemi Tímabundið leyfi

Nafn fyrirtækis: Skotfélag Reykjavíkur

Nafnið á fyrirtækinu eins og það er skráð í símaskrá

Aðsetur: Álfsnesi

Heimilisfangið þar sem starfsemin er eða verður

Póstnúmer: 116

Póstnúmer aðseturs

Sími: 8931231

Netfang: sr@sr.is

Heimasíða: www.sr.is

Nafn rekstraraðila: Skotfélag Reykjavíkur

Lögaðili eða einstaklingur

Kt.: 600269-2919

Lögheimili rekstraraðila: Íþróttamiðstöðin í Laugardal, Engjavegi 6

Póstnr.: 104

Póstnúmer lögheimilis

Tegund rekstrar og framleiðslu: Æfingaaðstaða fyrir skotíþróttir

[sjá einnig bakhlíð.](#)

Nafn forsvarsmanns: Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri Skotfélags Reykjavíkur

Kt.: [REDACTED]

Heimili: [REDACTED]

Sími: [REDACTED]

Starfsemi hefst: Við útgáfu starfsleyfis

Áætluð lok starfsemi: 1.1.2100

Fyrirsvarsmáður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð svo og önnur lög og reglur er starfseminna varða.

Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á húsnæði, framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Reykjavík, 31.maí 2022

Staður og dagsetning


Undirskrift forsvarsmanns

Skotfélag Reykjavíkur

Eigandi fasteignar: Reykjavíkurborg

kt.: [REDACTED]

Fastanúmer fasteignar: [REDACTED]

Skráð einnig rýmisnúmer þar sem starfsemin er ef það eru mörg rýmisnúmer innan fasteignar

Staður og dagsetning

Undirskrift eiganda fasteignar

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, njóta kröfur vegna starfsleyfis, eftirlits og kostnaðar af aðgerðum heilbrigðisnefnda, lögveðs í viðkomandi fasteign, sbr. 12., 25. og 27. gr. nefndra laga.

Umsókn móttokin:

Afgreiðsla heilbrigðisnefndar:

Númer leyfis:

11. júlí 2022 - GIE

Gjald.fl. 4

Starfsemisflokkur: 92.72.01
skotvöllur

Samþykkt húsnæði [REDACTED] Innra eftirlit: [REDACTED]

Færa viðbótarupplýsingar á baksíðu >

Viðbótarupplýsingar

Mengandi-og hollustuháttastarfsemi: Lýsa nánar starfsemi eftir því sem við á; myndun og losun mengandi efna í umhverfi, flokkun og skilum úrgangs- og spilliefna, losun í fráveitu. Gera grein fyrir mengunarvörnum við fráveitu (olíu- og fitugildrum), skilgreina og lýsa loftræsingu, mótvægisáðgerðum vegna hávaða, öryggismálum o.s.frv. Gera skal grein fyrir innra eftirliti fyrirtækis sjá nánar hér að neðan varðandi matvælastarfsemi og athugið að ofangreind atriði eiga mörg hver einnig við matvælafyrirtæki

Fyrirkomulag ípróttastarfsins er óbreytt frá opnun svæðisins.

Greinargerð skv meðf fylgigögnum

Matvælastarfsemi:

Eðli starfseminnar

- Eingöngu matvælasnertiefni
- Engin meðhöndlun óvarinna matvæla á staðnum
- Forpökkuð matvæli (engin meðhöndlun óvarinna matvæla eða eldun)
- Áhættulítilmatvæli (s.s. grænmeti/ávextir) meðhöndluð eða elduð
- Viðkvæm matvæli (s.s. mjólkurvörur, fiskur,kjöt, fuglakjöt) meðhöndluð eða elduð

Búnaðargerðir

- Frítt standandi handlaug með handfrjálsum blöndunartækjum á hverju vinnslusvæði og í afgreiðslu
- Matvælavaskur (fjöldi:___)
- Tækja- og áhaldavaskur
- Borðbúnaðarvaskur
- Eingöngu einnota borðbúnaður
- Margnota borðbúnaður

Búnaður

- Eldunarbúnaður
- Háfur og loftræsting frá honum (vélræn)
- Kælir (ar)
- Frystir (ar)
- Uppþvottavél
- Annað

Starfsmannaaðstaða

- Fataskiptaaðstaða með læsanlegum skápum fyrir yfirhafnir og persónulega muni starfsfólk
- Starfsmannasnyrting
- Kaffistofa með kaffivaski

Gera grein fyrir í fylgiskjali

Ræstiaðstaða

- Lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug
- Sérstök lokuð loftræst ræstiaðstaða með ræstilaug fyrir eldhús

Matvælaöryggiskerfi (Innra eftirlit)

- Einfalt innra eftirlit, Fl. 1
- Innra eftirlit, Fl. 2
- Innra eftirlit með HACCP, Fl. 3

Greinargerð með umsókn um starfsleyfi vegna skotsvæðis þess sem Skotfélag Reykjavíkur mun hafa umsjón með á Álfsnesi, í samvinnu við Reykjavíkurborg.

LÝSING Á STARFSEMINNI:



Skotfélag Reykjavíkur er elsta íþróttafélag landsins, stofnað þann 2.júní 1867. Fyrsta æfingasvæði félagsins var þar sem Skothúsvegur stendur í dag.



Félagsmenn þess eru í dag um

1,500 talsins en þess má geta að iðkendur á landsvísu í skotiþróttum eru yfir 5,000.

Félagið heldur úti íþróttavöllum í skotfimi á Álfsnesi. Félagið fékk því svæði úthlutað af Reykjavíkurborg undir starfsemi sína á sínum tíma. Þar er um að



ræða fjóra Ólympíska Skeet-skotvelli þar sem skotið er af haglabyssum. Keppt er í þeirri grein á Ólympíuleikum, Heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Norðurlandamótum og hinum ýmsu mótum út um allan heim. Þessir vellir eru vettvangur Smáþjóðaleika á Íslandi og var keppt á þeim á síðustu leikum héraendis vorið 2015.

Vellirnir voru grafnir niður á klöpp og manir reistar utan um þá til að draga úr hljóðbylgjum sem gætu borist í næsta nágrenni.

Eins er keppt í riffil-og skammbyssugreinum á riffilvelli félagsins á sama stað.

Þar er um að ræða 300 metra langan skotvöll með mjög öflugum skothúsi þar sem skotstæði eru fyrir 18 keppendur á sama tíma. Þar eru einnig skotbattar á 25, 50, 100, 200 og 300 metra færum. Riffilvöllurinn er niðurgraffinn á klöppina og voru reistar hljóðmanir utan um hann til að hámarka öryggi innan vallarins. Eins eru þær að grípa skothvelli mjög vel.

Áætlað var að efni það sem flutt var á skotsvæðið þegar það var byggt nemi rösklega 350 þúsund rúmmetrum og var það allt notað til að byggja svæðið þannig upp að um varanlega staðsetningu væri að ræða.



Keppnir á svæðinu fara fram á ýmsum tímum. Mót sem eru viðurkennd af Skotíþróttasambandi Íslands eru flest haldin frá miðjum apríl og frammí miðjan september. Keppt er oftast bæði laugardag og sunnudag á tímanum 10-18.



Félagið sér einnig um og hefur þjálfaða prófdómara vegna hreindýrprófa sem Umhverfisstofun stendur fyrir árlega. Fara þau að jafnaði fram frá mars og fram í byrjun júlí. Próftakar æfa sig á



svæðinu og fara svo þegar þeir eru tilbúnir í próf í meðhöndlun og hittni með rifflum, áður en þeim er útlhlutað leyfi af Umhverfisstofnun til veiða á hreindýrum. Árlega eru þetta um 400 manns sem fara í gegnum þetta ferli.

Einnig sér félagið um skotvopnanámskeið Lögreglunnar og Umhverfisstofnunar. Er þar um að ræða námskeið og próf þegar einstaklingar eru að fá skotvopnaleyfi í fyrsta skipti. Þau námskeið fara fram í maí/júní og síðan í ágúst, september og október. Árlega eru það um 600 manns sem fara í gegnum þetta ferli á svæði félagsins á Álfsnesi.



Opnunartímar á svæðinu eru mikið háðir veðráttu og birtu. Norðaustanáttir eru t.d. mjög skæðar þarna og því margoft lokað vegna veðurs. Á sumrin frá maí og út september hefur verið opið 3- 4 virka daga og á laugardögum. Virka daga yfirleitt á tímanum 17:30 til 21:00 og á laugardögum kl. 10:00 til 17:00. Á þessum tímum erum við með starfsmenn sem sinna gestum og

félagsmönnum. Við höfum tekið á mót iðkendum úr öllum félögum og haft það opið fyrir almenning á opnunartíma.



Yfir vetrartímann hefur aðeins verið opið á laugardögum frá kl.12:00 og til 16:00 eða einsog birta leyfir. Vetrartíminn er hins vegar mjög erfiður á svæðinu og margoft verið lokað vegna veðurs.



Á svæðinu er félagsheimili með salernis aðstöðu. Ennfremur aðstaða til fundarhalda og kennslu. Riffilhús með 18 skotborðum. Haglabyssuhús undir kastvélur eru 11 talsins.

LEIRDÚFUR OG SKOT:

Notkun á leirskífum á svæðinu var árið 2019 alls 175,000 stk en árið áður voru þær 150,000 stk. Þær eru af gerðinni CCI og hafa eingöngu verið keyptar af versluninni Hlað í Reykjavík. Þetta eru einhverjar algengustu leirdúfur í Evrópu og eru notaðar á flestum stærstu skotvöllum álfunnar. Ekki þykir ástæða



til að fjarlægja leirdúfubrot af svæðinu enda eru þau á afmörkuðum svæðum þess og mynda þar undirlag næstu áratuga. Haglaskotin sem eru leyfð á svæðinu innihalda að hámarki haglastærð nr.7,5 sem er að þvermáli 2,5mm.



Í haglabyssugreininni Skeet sem langflestir stunda á okkar svæði, er aðeins heimilt að nota 24 gramma hleðslu og hafa blýhögl verið bönnuð frá ársbyrjun 2021 á svæði Skotfélags Reykjavíkur, en dregið hafði úr notkun blýskota mörg undanfarin ár.

LOSUN EFNA OG HLJÓÐVIST:

Losun efna er fólgin í kúlum úr skotfærum. Á haglavelli er nánast alfarið um stálhögl að ræða sem liggja í jarðveginum. Eins og áður sagði hafa blýhögl verið bönnuð frá ársbyrjun 2021.

Leirdúfubrot liggja þar einnig og eru ekki að menga neitt út frá sér. Patrónur eru hirtar og eins forhlöð, en þau eru úr plastefnum. Þeim er safnað í gám sem TERRA Umhverfispjónusta losar reglulega hjá okkur. Eins er pappaumbúðum utan af skotum og leirdúfum safnað í gám frá sama aðila. Riffilskot liggja í svokölluðum bakstoppum en það er uppbyggð mön með mól og jarðvegi. Þar liggur blý og kopar úr skotunum óhreyft og hefur ekki staðið til að fjarlægja næstu árin, enda ekki talin þörf á því.



Hljóðvistin er innan allra heilsumarka og var það mælt gaumgæfilega af Heilbrigðiseftirliti á sínum tíma og sjáum við ekki að það hafi nokkuð breyst. Frekar ætti hljóðvist að hafa batnað til muna þar sem fyrir 2 árum

voru hljóðdeyfar leyfðir á veiðiriffla og áætla má að hartnær 90 % stórra riffla sé nú búinn slíkum búnaði.

UMHVERFI:

Í norðri er Kollafjörðurinn og skotátt haglabyssuvallanna er í þá átt eða norð-austur einsog reglur Alþjóða Skotíþróttasambandsins kveða á um. Í vestur átt er úthafið en mönin við enda riffilbrautarinnar er um 7-8 metra há til að hindra að skot fari á haf út. Í suðri er mótörhjólabraut og urðunarstaður Sorpu með þeirri lyktar- og jarðvegsmengun sem fylgir slíkri starfsemi. Í austri er svæði Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis.

Vegurinn inná svæðið kemur úr austri og var hann bundinn slitlagi fyrir Smáþjóðaleikana árið 2015. Svæðið er umlukið girðingu sem Reykjavíkurborg setti niður og sinnir með viðhaldi.



TILLÖGUR AÐ VÖRNUM:

Við leggjum til að RVK standi fyrir auknum hljóðvörnum á svæðinu og geri það þannig úr garði að allir geti við unað. Svæðinu verði því varanlega ráðstafað undir skotsvæði fyrir Skotfélag Reykjavíkur.

- Hækka mætti hljóðmanir á haglabyssuvöllum um nokkra metra.
- Sama mætti gera á riffilvelli en einnig einangra riffilskýlið að innan og byggja skyggni framan við skotstaði.
- Kostnaðinn við þessar aðgerðir mætti lækka mikið með því að bjóða losun uppgraftrar frá fyrirhuguðum byggingasvæðum á t.d. Esjumelum og úr Sundabrautarverkefninu.
- Skotsvæði félagsins verði hengt saman við fyrirhugaða framvæmd við **Sundabraut** en lega hennar fer yfir eða við skotsvæðið og því mjög



hagkvæmt að leysa staðsetninguna með því að sníða skotvöllina utan um brautina. Það svæði mun væntanlega henta mjög illa undir flesta aðra starfsemi og fjármunum því best varið í að koma skotvöllunum þar fyrir.

OPNUNARTÍMAR:

Við gerum að tillögu okkar eftirfarandi opnunartíma á svæðinu

- HAGLABYSSUVELLIR:
 - SUMARTÍMI 1.mars-1.nóv:
 - Virka daga kl.10-22
 - Laugardaga kl.10-18
 - Sunnudaga kl.10-18
 - VETRARTÍMI 1.nóv-1.mars:
 - Virkir dagar kl.10-22 eftir birtu
 - Laugardaga kl.12-18 eftir birtu
 - Sunnudaga kl.12-18 eftir birtu
- RIFFILVELLIR:
 - SUMARTÍMI 1.mars-1.nóv:
 - Virka daga kl.10-22
 - Laugardaga kl.10-18
 - Sunnudaga kl.10-18
 - VETRARTÍMI 1.nóv-1.mars:
 - Virka daga kl.10-20 eftir birtu
 - Laugardaga kl.12-18 eftir birtu
 - Sunnudaga kl.12-18 eftir birtu
- RIFFILVELLIR – með hljóðdeyfum:
 - Allt árið kl.10-22 alla daga
- RIFFILVELLIR – með cal.22lr rifflum
 - Allt árið kl.10-22 alla daga
- RIFFILVELLIR – með skambyssum
 - Allt árið kl.10-22 alla daga

f.h.umsóknaraðila,
Guðmundur Kr. Gíslason
Framkvæmdastjóri





Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá dd.mm.2022 til 31. október 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfiskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Að jafnaði skal nota hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Rekstraraðili skal skila til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur raunhæfum tilögum að úrbótum til að minnka hávaðaónæði af starfseminni sem m.a. en ekki eingöngu geta tekið til notkunar á hljóðisogsefnum við skotvelli og breytta skotstefnu svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 30. nóvember 2023. Eftir föngum skal taka mið af skipulagsmálum, m.a. boðaðri vinnu við sérstaka breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
 - 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir ríffla úr ríffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir ríffla með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.



5.1.3 Fjölda rífilskota sem innihalda blý á ári.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antimón (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.



Drög fyrir fund heilbrigðisnefndar 25. janúar 2023 með breytingum frá auglýstri tillögu.

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir í tvö ár frá útgáfudegi (til 25. janúar 2025) -~~dd.mm.2022 til 31. október 2026.~~
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfiskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.



Drög fyrir fund heilbrigðisnefndar 25. janúar 2023 með breytingum frá auglýstri tillögu.

- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 ~~Að jafnaði skal nota~~ Nota skal hljóðdeyfa í ríffilskotfimi ~~þegar því verður viðkomið. Einungis er heimilt að nota ríffla án hljóðdeyfa í þeim skotgreinum sem alþjóðareglur kveða svo á um.~~
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Rekstraraðili skal skila til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur raunhæfum tilögum að úrbótum til að minnka hávaðaónæði af starfseminni sem m.a. en ekki eingöngu geta tekið til notkunar á hljóðisogsefnum við skotvelli og breytta skotstefnu svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 30. nóvember 2023. Eftir föngum skal taka mið af skipulagsmálum, m.a. boðaðri vinnu við sérstaka breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
- 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
- 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
- 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
- 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir ríffla úr ríffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir ríffla með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.



Drög fyrir fund heilbrigðisnefndar 25. janúar 2023 með breytingum frá auglýstri tillögu.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 5.1.3 Fjöldi riffilskota sem innihalda blý á ári.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antimón (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðafærði við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslensku regluverki.

Tveir skotvelli hafa verið starfræktir í Álfsnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfseminni. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og bárust athugasemdir við báðar tillögurnar er vörðuðu hávaða frá starfseminni. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðamælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem útgefin starfsleyfi frá 2021 voru kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekin afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borist umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrri hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af *Naturvårdsverket*.

Virðingarfyllst,

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stoð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.



Árið 2022, föstudaginn 30. desember, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 94/2022, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 26. júlí 2022 um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvallar á Álfsnesi.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er barst nefndinni 25. ágúst 2022 kæra Anja Þórdís Karlsdóttir og Kristbjörn Haraldsson, Stekk, Reykjavík, þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 26. júlí 2022 að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvallar á Álfsnesi. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Jafnframt er þess krafist að hávaðamælingar heilbrigðiseftirlitsins sem fram komi í starfsleyfinu verði ógildar og hljóðmælingar gerðar af óháðum aðila.

Með bréfum, dags. 25. og 27. ágúst 2022, er bærust nefndinni 26. og 27. s.m., kæra Helga Rúna Gústafsdóttir, Stefán Örn Hauksson, Kjartan Örn Sigurðsson, Guðmundur Lárusson, Birna Smith, Pétur Jökull Hákonarson og Perla María Jónsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir, Ottó Björn Ólafsson, Þorbjörg Gígja, Guðbergur Birkisson og Emma Íren Egilsdóttir sömu ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins með kröfu um ógildingu hennar en til vara að hlutlausir sérfræðingar framkvæmi hljóðmælingar og rannsaki blýmengun í fjöru og sjó í Djúpuvík í Kollafirði. Verða þau kærúmál, sem eru nr. 95/2022 og 96/2022, sameinuð máli þessu þar sem sama ákvörðun er kærð í öllum málunum til ógildingar og hagsmunir kæranda þykja ekki standa því í vegi. Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar á meðan málið væri til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni var hafnað með úrskurði uppkveðnum 26. október 2022.

Gögn málsins bærust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 3. október 2022.

Málavextir: Með úrskurði uppkveðnum 24. september 2021 í máli nr. 92/2021 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 4. maí 2021 um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvalla í Álfsnesi á Kjalarnesi þar sem starfsemin samræmdest ekki Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022 og kemur þar m.a. fram að framtíð skotæfingasvæðis á svæði I2, Álfsnes – Kollafjörður, verði viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis en þar til að þeirri endurskoðun komi sé heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins. Sótti Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis um nýtt starfsleyfi 15. febrúar s.á.

Hinn 17. febrúar 2022 óskaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar varðandi hávaðamælingar frá starfsemi skotvalla. Í svari stofnunarinnar við erindinu, dags. 11. mars s.á., kom fram að samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða skyldi Umhverfisstofnun, í samstarfi við önnur stjórnvöld, gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Taldi stofnunin rétt að heilbrigðiseftirlitið notaði sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar væru út af *Naturvårdsverket*. Þá óskaði heilbrigðiseftirlitið eftir umsögn skipulagsfulltrúans í Reykjavík, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Auglýsing um tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis var auglýst á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins 3. júní 2022 í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Sérstök tilkynning var send á hagsmunaaðila. Í tillögunni var lagt til að um starfsemina giltu almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi. Auk þess var lagt til að gildistími starfsleyfisins yrði til 31. október 2026 sem væri vel innan tímamarka aðalskipulags, í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa. Frestur til að koma að athugasemdum var til 1. júlí 2022. Alls bárust 18 athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma og var gerð grein fyrir þeim og svörum í greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis.

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 26. júlí 2022 var samþykkt að gefa út starfsleyfi til handa Skotveiðifélagi Reykjavíkur og nágrennis með gildistíma til 31. október 2026. Var leyfið jafnframt háð sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi skotvallarins auk almennra starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi. Tilkynning um útgáfu þess, ásamt greinargerð um útgáfuna, afriti af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum var birt á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins 27. júlí 2022.

Málsrök kæranda: Af hálfu kæranda er vísað til þess að þeir verði fyrir heilsuspillandi hávaðamengun frá skotsvæðinu sem bergmáli við endurkast frá Esjuklettum. Þá snerti jarðvegsmengun á skotsvæðinu og mengun í sjó og fjöru alla þar sem fuglalíf sé í hættu og náttúru sé spillt. Landeigendur og ábúendur hafi komið að lokuðum dyrum hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og ekkert hafi verið gert til að einangra hávaðamengun. Borgaryfirvöld hafi þegar keypt eign af nágrönnum kæranda vegna hávaðamengunar. Fyrir endursölu eignarinnar hafi verið þinglýst á hana kvöð um að eigendur gætu ekki gert kröfu á hendur Reykjavíkurborg vegna hávaða frá skotæfingasvæðinu. Skilyrðum eldri leyfa hafi ekki verið fylgt á 15 ára tímabili og séu það næg rök fyrir því að ekki beri að veita nýtt starfsleyfi.

Ekki sé um endurnýjun starfsleyfis að ræða líkt og veitt sé heimild fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 heldur nýtt starfsleyfi þar sem eldra starfsleyfi hafi verið fellt úr gildi. Auk þess sé nýja leyfið mun rýmra en það eldra. Svæðið sé ekki deiliskipulagt og þ.a.l. hafi aldrei farið fram mat á umhverfisáhrifum eða kynning fyrir hagsmunaaðila/grenndarsamfélag vegna starfseminnar.

Málsrök Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: Af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að það sé hlutverk þess samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi, sbr. viðauka við lögin, og setja starfsemi ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif. Heilbrigðiseftirlitið meti í umsóknarferli hvort tiltekin starfsemi sé í samræmi við skipulag. Sé ástæða til sé leitað umsagnar skipulagsfulltrúa, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Ekki sé heimilt að gefa

út starfsleyfi nema fyrir liggi jákvæð umsögn skipulagsfulltrúa um samræmi við skipulag. Helstu umhverfisáhrif af starfsemi skotvalla séu hávaði sem hafi í för með sér ónæði, mengun vegna efna í skotum og höglum og umgengni á svæðunum.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Af hálfu kæranda er m.a. bent á að hávaði frá skothvillum valdi líkamlegu og andlegu streituástandi og sé talinn heilsuspillandi vegna heilsufarsáhrifa sem af honum stafa. Sé það rétt sem heilbrigðiseftirlitið haldi fram að á því svæði sem kændur búi gildi mörk varðandi hávaða á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum hafi það í för með sér að hávaði þar megi ekki fara yfir 70 dB, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfishafa var gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum vegna málsins, en engar slíkar hafa borist úrskurðarnefndinni af hans hálfu.

Niðurstaða: Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Í samræmi við þetta tekur úrskurðarnefndin lögmati kærðrar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun, breytir efni hennar eða tekur sérstaklega afstöðu til gildis einstakra þátta við málsmeðferð ákvörðunar. Verður því einungis tekin afstaða til ógildingarkröfu kæranda í máli þessu.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er tekið fram að allur atvinnurekstur sem sótt sé um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Var þessu ákvæði skeytt við 1. mgr. 6. gr. með 18. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Í athugasemdum við 18. gr. í frumvarpi því sem varð að þeim lögum segir að með ákvæðinu séu lagðar til þær breytingar á nokkrum lögum er varði leyfisveitingar að þar komi skýrt fram að útgáfa skuli samræmast gildandi skipulagi, en í sumum tilvikum hafi jafnvel skort á að í umræddum lögum væri kveðið skýrt á um að leyfisveitingar skyldu samræmast skipulagi sveitarfélaga.

Við málsmeðferð umsóknar leyfishafa aflaði heilbrigðiseftirlitið umsagnar frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar. Í umsögn hans, dags. 18. maí 2022, kemur fram að ekkert deili-skipulag sé í gildi fyrir svæðið en samkvæmt aðalskipulagi sé það staðsett í jaðri iðnaðarsvæðis (I2) og á opnu svæði (OP28), líkt og hafi verið í eldra aðalskipulagi. Með staðfestingu á Aðal-skipulagi Reykjavíkur 2040 hafi tekið gildi ákvæði 20.4 sem gildi almennt um endurnýjun starfsleyfa á öllum landnotkunarsvæðum. Tilgangur þess hafi verið að skapa forsendur til endurnýjunar leyfa til skemmri tíma fyrir starfsemi og rekstur sem sé til staðar á viðkomandi svæði, þrátt fyrir að starfsemin fari ekki saman við framtíðarlandnotkun aðalskipulags. Eðlilegt sé að hafa slíkt svigrúm til staðar í aðalskipulagi sem gildi til mjög langs tíma því oft sé óvissa um tímasetningu uppbyggingar og þróunar framtíðarsvæða. Ákvæðið skapi forsendur til þess að endurnýja leyfi skotæfingasvæða til skemmri tíma, sbr. einnig skilgreiningu fyrir iðnaðarsvæði I2. Var niðurstaða skipulagsfulltrúa að heimilt væri „að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila, í þessu tilviki skotsvæðið á Álfsnesi, til skemmri tíma enda gildistími starfsleyfis skilgreindur vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging skv. framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni viðkomandi rekstraraðila.“ Var lagt til að gefið yrði út starfsleyfi til skemmri tíma með ákveðnum skilyrðum um þau atriði sem helst hafi verið gerðar athugasemdir við, er varði opnunartíma, umhverfisþætti og hljóðmengun.

Samkvæmt f-lið gr. 6.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er iðnaðarsvæði skilgreint svo: „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpaðu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“ Samkvæmt l-lið sömu greinar er opið svæði skilgreint svo: „Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.“ Þá er í j-lið sömu greinar að finna skilgreiningu fyrir landnotkunarflokkinn „Íþróttasvæði“ og kemur þar fram að íþróttasvæði sé fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjóni tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli, hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. Fellur umdeilt skotæfingasvæði því undir síðastnefndan landnotkunarflokk.

Samkvæmt 1. mgr. gr. 6.2. í skipulagsreglugerð skal stefna um landnotkun sýnd með einum landnotkunarflokki. Sé gert ráð fyrir landnotkun á sama reit sem falli undir fleiri en einn landnotkunarflokk skuli sá flokkur tiltekinn fyrir reitinn sem er ríkjandi en umfang annarrar landnotkunar tilgreint í skilmálum.

Líkt og að framan er rakið eiga landnotkunarflokkarnir „iðnaðarsvæði“ og „opið svæði“ við um skotæfingasvæðið sem um er deilt. Í greinargerð með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er kveðið á um heimild sem tekur til svæðis I2, Álfsnes-Kollafjörður, til að „endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma“. Hvorki er þó mælt fyrir um að landnotkunarflokkurinn „íþróttasvæði“ gildi á svæði I2 né á svæði OP28, að hluta eða öllu leyti.

Eins og rakið var í málavaxtalýsingu felldi úrskurðarnefndin úr gildi starfsleyfi fyrir umrætt skotæfingasvæði með úrskurði, dags. 24. september 2021, þar sem starfsemin var ekki talin samræmast landnotkun svæðisins samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Ekki liggur fyrir að þeirri landnotkun hafi verið breytt frá því að úrskurður nefndarinnar var kveðinn upp. Er því starfsemi sú sem heimiluð er með hinu kærða starfsleyfi ekki í samræmi við landnotkun umrædds svæðis eins og það er tilgreint í aðalskipulagi svo sem áskilið er í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Fer starfsleyfið auk þess í bága við ákvæði skipulagsreglugerðar um landnotkunarflokka en í þeirri reglugerð er ekki að finna heimild til að víkja frá gildandi landnotkun samkvæmt skipulagi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að fella hið kærða starfsleyfi úr gildi.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins í Reykjavík frá 26. júlí 2022 um að gefa út starfsleyfi til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis til reksturs skotvallar á Álfsnesi.

Ómar Stefánsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)



Reykjavík 11. október 2022

Varðar: Álfsnes, ósk um umsögn vegna starfsleyfis.

Lagt fram erindi erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Skotveiðifélags Reykjavíkur (SR) um starfsleyfi fyrir starfsemi skotvallar félagsins í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um umsóknina hvað varðar samræmi starfseminnar við skipulag og gildistíma starfsleyfis. Í erindi HER kemur jafnframt fram að ákvörðun heilbrigðisnefndar í mars 2021 um útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemina var felld úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sbr. mál 51 og 56/2021 á þeirri forsendu að starfsemin væri ekki í samræmi við skipulag. Óskað er eftir að höfð verði hliðsjón af niðurstöðu og úrskurðarorðum í umsögn skipulagsfulltrúa. Til upplýsingar skal tekið fram að HER fyrirhugar að umsögn skipulagsfulltrúa verði fylgigagn við auglýsingu á tillögu að starfsleyfis, ásamt umsókn um starfsleyfi, greinargerð umsækjanda sem fylgdi starfsleyfi.

Í greinargerð SR með umsókn kemur fram að félagið er elsta íþróttafélag landsins stofnað árið 1867. Félagsmenn í dag eru um 1.500 talsins, en iðkendur á landsvísu í skotíþróttum eru yfir/ um 5.000. Félagið heldur úti völlum í skotfimi á Álfsnesi og er um að ræða fjóra ólympíska skeet - skotvelli þar sem skotið er af haglabyssum. Vellirnir eru grafnir niður á klöpp og manir reistar utan um þá til að draga úr hljóðbylgjum sem gætu borist í næsta nágrenni. Áætlað var að efni það sem flutt var á skotsvæðið þegar það var byggt nemi um 350 þ. m³ og var það allt notað til að byggja svæðið þannig upp að um varanlega staðsetningu væri að ræða. Keppnir fara fram á ýmsum tímum og svæðið/ félagið heldur utan þjálfun prófdómara og námskeið Lögreglunnar og Umhverfisstofnunar.




Núverandi aðstaða skotsvæðanna á Álfsnesi. Loftmynd tekin árið 2021.

Opnunartímar eru mikið háðir veðráttu og birtu, t.d. á sumrin frá maí til september hefur verið opið 3-4 virka daga á viku og á laugardögum, en yfir veturinn hefur verið opið á laugardögum ef birta leyfir. Veturinn er hins vegar erfiður á svæðinu margt lokað vegna veðurs. Í greinargerð kemur fram að leirdúfur eru mikið notaðar á svæðinu og hafa einnig blýhögl verið bönnuð frá ársbyrjun 2021 á svæði SR, en dregið hafði úr notkun blýskot mörg ár þar á undan. SR leggur til að Reykjavíkurborg standi fyrir auknum hljóðvörnum á svæðinu og geri það þannig úr garði að allir geti við unað. Fram kemur þó í greinargerð að hljóðvist er innan allra heilsumarka og hefur verið mælt af HER og telur félagið ef eitthvað að hljóðvist hafi batnað til muna sl. tvö ár hið minnsta. Tillögur að nýjum hljóðvörnum eru sýndar í greinargerð SR með erindi, auk þess sem lagðar eru fram tillögur um opnunartíma á svæðinu.

Í niðurstöðu úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 512/2021, dags. 24. september 2021 var deilt um ákvörðun HER frá 11. mars 2021 um að geta út starfsleyfi til SR til reksturs skotvalla í Álfsnesi. Úrskurðarnefndin úrskurðaði að stafsemi sú sem er heimiluð með hinu kærða starfsleyfi, sem er rekstur skotæfingarsvæðis, samræmist þannig ekki landnotkun umrædds svæðis eins og það er tilgreint í aðalskipulagi og var af þeim sökum ákvörðun um útgáfu hins kærða starfsleyfis feld úr gildi.

Gildandi skipulagsákvæði

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040) var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021, sbr. einnig samþykkt hennar 21. desember 2021. Aðalskipulagið var undirritað þann 13. janúar 2022 og tók gildi með birtingu í Stjórnartíðindum þann 18. janúar 2022. Skotsvæði SR er staðsett á iðnaðarsvæði (I2). Ekkert deiliskipulag er í gildi.



Einkum gert ráð fyrir hafnsækkinni iðnaðarstarfsemi sem er landflek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir líttli höfn við Kollafjörð en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Framtíð skotæfingarsvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingarsvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.

Landnotkun á Álfsnesi skv. sveitarfélagsupprætti AR 2040.

Með staðfestingu AR2040 tóku gildi eftirfarandi ákvæði sem gilda almennt um endurnýjun starfsleyfa á öllum landnotkunarsvæðum (bls. 133): **20.4. Endurnýjun starfsleyfa innan einstakra landnotkunarsvæða.** Í aðalskipulagi þar sem sett er fram stefna til langrar framtíðar um breytta landnotkun, t.a.m. um enduruppbyggingu eldri atvinnusvæða, er mikilvægt að setja fram ákveðin viðmið og leikreglur um endurnýjun starfsleyfa hjá rekstraraðilum sem eru með starfsemi á viðkomandi svæðum. Það er einnig brýnt að endurskipulagning eldri atvinnusvæða verði markviss og mögulega unnin í áföngum og þannig tryggt að ekki skapist ótímabær þrýstingur á núverandi starfsemi að finna sér nýjan stað. Það getur oft verið óvissa um hvenær ráðist verður í gerð nýs deiliskipulags á slíkum breytingarsvæðum aðalskipulags og sömuleiðis geta orðið tafir á að uppbygging hefjist þó að deiliskipulagsgerð sé lokið. **Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila.** Þetta á ekki við um starfsemi þar sem tilgreint er sérstaklega að hún eigi að vera víkjandi eða sérstök tímamörk sett um starfsemina í aðalskipulaginu.

Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa forsendur til endurnýjunar leyfa til skemmri tíma fyrir starfsemi og rekstur sem er til staðar á viðkomandi svæði, þrátt fyrir að starfsemin fari ekki saman við framtíðarlandnotkun aðalskipulags. Eðlilegt er hafa slíkt svigrúm til staðar í aðalskipulagi sem gildir til mjög langs tíma, því oft er óvissa um tímasetningu uppbyggingar og þróunar framtíðarsvæða. Ofangreint ákvæði skapar þannig forsendur til þess að endurnýja leyfi skotæfingasvæða til skemmri tíma, sbr. einnig skilgreiningu fyrir iðnaðarsvæði I2. Þar er jafnframt minnt á að framtíð skotæfingasvæðisins verði viðfangsefni í sérstakri breytingu á aðalskipulagi sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða. Hafin verður vinna við umræddu breytingu í fljótlega og er gert ráð fyrir að verklýsing hennar fari út fyrst. Jafnframt þessu hefur lega Sundabrautar möguleg áhrif á framtíð skotsvæðis SR og þarf að huga að því í fyrirhuguðu skipulags, hönnunar og umhverfismatsferli Sundabrautar, en reikna má að það hefjist á næstu misserum. Það undirstrikar enn frekar að endurnýjun starfsleyfis verði aðeins til skemmri tíma.

Ábendingar og athugasemdir við núverandi starfsemi SR á Álfsnesi

SR hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin áratug og hafa íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi þeirra ábendinga sem borist hafa og þeirrar óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s. opnunartíma og notkun á blýhöglum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrir skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu. Nýtt skotsvæði á nýjum stað yrði að byggjast upp sem framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir þau skotfélög sem eru með starfsemi í Reykjavík og stendur til að skoða það í ofangreindum breytingum á aðalskipulagi og opnum svæðum. Á nýjum stað þyrfti að setja viðeigandi skilyrði og takmarkanir á notkun svæðisins og þeirri starfsemi sem þar fer fram til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni. Jafnframt þyrftu allar öryggisreglur innan skotsvæðisins að uppfylla alþjóðlega staðla um öryggissvæði skotsvæða. Fyrirnefnda umhverfispætti þarf að skoða vel þegar metnar eru nýjar tillögur að staðsetningu sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu. Forsenda fyrir staðarvalinu yrði m.a. skoðuð út frá eftirfarandi umhverfispáttum: Hljóðvist, landslagi og sjónrænum páttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminjum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl.

Niðurstaða

Í samræmi við ákvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er heimilt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila, í þessu tilviki skotsvæði SR á Álfsnesi, til skemmri tíma enda gildistími starfsleyfis skilgreindur vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging skv. framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni viðkomandi rekstraraðila. Lagt er því til m.t.t. ákvæða í AR 2040 að heimila útgáfu á starfsleyfi til SR til skemmri tíma á núverandi svæði á Álfsnesi og þá með ákveðnum starfsleyfisskilyrðum sem fjalla um þau atriði sem helst hefur verið gerðar athugasemdir við er varðar opnunartíma, umhverfispætti og hljóðmengun. Skipulagsfulltrúi mun ekki tilgreina nánar hvernig í þessari umsögn en leggur áherslu á gott samráð um það við HER verði/ þegar þess er óskað. Eins og fjallað er um að ofan þá er vinna að hefjast við breytingar á landnotkun á Kjalarnesi og öðrum strjálbýlum svæðum í Reykjavík og þar mun verða fjallað um framtíðaraðstöðu skotæfingasvæða í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Reykjavík 23. janúar 2023.

Efni: Endurnýjun starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

Skotfélag Reykjavíkur er með aðstöðu og starfsemi innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2) í Aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útivistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Í ljósi þessa voru sett inn sértæk ákvæði í landnotkunarskilgreiningu iðnaðarsvæðis (I2), sem kveða á um að heimilt sé að stunda skotíþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sé sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu. Í viðkomandi skilgreiningu fyrir I2 segir: „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“

Viðkomandi landnotkunarákvæði grundvallast á grein 6.1. í skipulagsreglugerð, þar sem segir: „Ef nýtt skipulag felur í sér breytingu á stefnu um landnotkun á tilteknum reit skal gerð grein fyrir því hvenær og hvernig breytingin kemur til framkvæmda **og hvað gildir fram að því**. Þetta getur t.d. átt við um svæði sem skilgreina á sem þróunarsvæði.“ Hér er vísað sérstaklega til þróunarsvæða, sem iðnaðarsvæði I2 er klárlega, þ.e. svæða sem ætlunin er að umbreytist og færist yfir í aðra landnotkun á skipulagstímabili aðalskipulags. Fyrir liggur að ekki kemur til uppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði á næstu árum og líklegt að skipulagning þess verði skoðuð í samhengi við framvindu Sundabrautarframkvæmdar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á ofangreindri grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um tímasetningu og framvindu uppbyggingar skv. framtíðarlandnotun. Umrætt ákvæði, svo og sér skilgreining I2, er mikilvægt til að skerpa á réttarstöðu þeirra fyrirtækja og rekstraraðila og annarra leyfishafa, sem búa við slíka óvissu vegna breyttrar framtíðar landnotkunar.

Niðurstaða:

Ekki er lagst gegn því að starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, sem er innan svæðis I2 samkvæmt AR2040, verði endurnýjað til skemmri tíma. Í ljósi þess að vinna er að fara af stað við val á nýrri framtíðarstaðsetningu skotfélaganna, áformaðrar endurskoðunar á aðalskipulagi á Kjalarnesi, að ósætti hefur verið um starfsemina um langt skeið (sbr. niðurfelling leyfis til Skotreynar sem er austan við I2 svæðið), er lagt til að leyfið takmarkist við 2 ár.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags

Harri Ormarsson, lögmaður



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Skotfélag Reykjavíkur

kt. 600269-2919

Engjavegi 6 Reykjavík

vegna skotvallar (skotæfingasvæðis) í Álfsnesi, Reykjavík.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) móttók þann 11. júlí 2022 umsókn Skotfélags Reykjavíkur (SR) kt. 600269-2919 um starfsleyfi fyrir skotvöll/skotæfingasvæði í Álfsnesi.

Sótt er um starfsleyfi að nýju en ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um útgáfu fyrri starfsleyfis var felld úr gildi af Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála haustið 2021. Móttaka umsóknar Skotfélags Reykjavíkur var auglýst á heimasvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 20. júlí 2022.

2. Umsögn skipulags- og byggingafultrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal allur starfsleyfisskyldur atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafultrúa um þessa þætti.

Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað með tölvupósti dags, 27. september 2022. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 19. október. Í umfjöllun um gildandi skipulagsákvæði kemur fram að Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040) var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021, og tók gildi með birtingu í stjórnartíðindum 18. janúar 2022. Skotsvæði SR sé staðsett, eins og í eldra aðalskipulagi, á iðnaðarsvæði (I2). Fram kemur að ekkert deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið. Í umsögninni segir ennfremur. „Með staðfestingu AR2040 tóku gildi eftirfarandi ákvæði sem gilda almennt um endurnýjun starfsleyfa á öllum landnotkunar svæðum (bls. 133):

20.4. Endurnýjun starfsleyfa innan einstakra landnotkunarsvæða. Í aðalskipulagi þar sem sett er fram stefna til langrar framtíðar um breytta landnotkun, t.a.m. um enduruppbyggingu eldri atvinnusvæða, er mikilvægt að setja fram ákveðin viðmið og leikreglur um endurnýjun starfsleyfa hjá rekstraraðilum sem eru með starfsemi á viðkomandi svæðum. Það er einnig brýnt að endurskipulagning eldri atvinnusvæða verði markviss og mögulega unnin í áföngum og þannig tryggt að ekki skapist ótímabær þrýstingur á núverandi starfsemi að finna sér nýjan stað. Það getur oft verið óvissa um hvenær ráðist verður í gerð nýs deiliskipulags á slíkum breytingarsvæðum aðalskipulags og sömuleiðis geta orðið tafir á að uppbygging hefjist þó að deiliskipulagsgerð sé lokið. **Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi til einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila. Þetta á ekki við um starfsemi þar sem tilgreint er sérstaklega að hún eigi að vera víkjandi eða sérstök tímamörk eru sett um starfsemina í aðalskipulagi.**

Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa forsendur til endurnýjunar leyfa til skemmri tíma fyrir starfsemi og rekstur sem er til staðar á viðkomandi svæði, þrátt fyrir að starfsemin fari ekki saman við framtíðarlandnotkun aðalskipulags. Eðlilegt sé að hafa slíkt svigrúm til staðar í aðalskipulagi sem gildir til mjög langs tíma, því oft er óvissa um tímasetningu uppbyggingar og þróunar framtíðarsvæða. Ofangreint



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

ákvæði skapar þannig forsendur til að endurnýja leyfi skotæfingasvæða til skemmri tíma, sbr. einnig skilgreiningu fyrir iðnaðarsvæði I2. Þar er jafnframt minnt á að framtíð skotæfingasvæðisins verði viðfangsefni í sérstakri breytingu á aðalskipulaginu sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða. Hafin verður vinna við umrædda breytingu fljótlega og er gert ráð fyrir að verklýsing hennar fari út fyrst. Jafnframt þessu hefur lega Sundabrautar möguleg áhrif á framtíð skotsvæðis SR og þarf að huga að því í fyrirhuguðu skipulags, hönnunar og umhverfismatsferli Sundabrautar, en reikna má að það hefjist á næstu misserum. Það undirstrikar enn frekar að endurnýjun starfsleyfis verði aðeins til skemmri tíma.“

Í umsögninni kemur jafnframt fram að SR hafi haft svæðið sem umræðir til tímabundinna afnota undanfarin áratug og hafa íbúar svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi ábendinga sem borist hafa og óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s opnunartíma og notkun á blýhögglum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrir skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa er eftirfarandi: „Í samræmi við ákvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er heimilt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila, í þessu tilviki skotsvæði SR á Álfsnesi, til skemmri tíma enda gildistími starfsleyfis skilgreindur vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging skv. framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni viðkomandi rekstraraðila. Lagt er til m.t.t. til ákvæða í AR2040 að heimila útgáfu á starfsleyfi til Skotreynt til skemmri tíma á núverandi svæði á Álfsnesi og þá með ákveðnum starfsleyfis skilyrðum sem fjalla um þau atriði sem helst hafa verið gerðar athugasemdir við er varðar opnunartíma, umhverfisþætti og hljóðmengun. Skipulagsfulltrúi mun ekki tilgreina nánar hvernig í þessari umsögn en leggur áherslu á gott samráð við HER verði/þegar þess er óskað. Eins og fjallað er um að ofan þá er vinna að hefjast við breytingar á landnotkun á Kjalarnesi og öðrum strjálbýlum svæðum í Reykjavík og þar mun verða fjallað um framtíðaraðstöðu skotæfingasvæða í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu.“

Umsagnar byggingarfulltrúa ver leitað með tölvupósti dags. 7. október 2022. Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa barst í tölvupósti dags. 19. október 2022 og var félaginu tilkynnt um hana. Jákvæð umsögn byggingarfulltrúa barst í tölvupósti dags. 24. nóvember 2022.

Þann 30. desember 2022 feldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis fyrir skotvöll Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis í Álfsnesi. Þann 23. janúar 2023 barst HER umsögn verkefnisstjóra aðalskipulags Reykjavíkur. Í umsögninni er það rakið að starfsemi SR sé innan svæðis I2 í aðalskipulagi Reykjavíkur sem til framtíðar litið sé ráðgert að sem iðnaðarsvæði (I2) í aðalskipulagi Reykjavíkur. Sett voru sérstök ákvæði í landnotkunarskilgreiningu iðnaðarsvæðis (I2), sem kveða á um að heimilt sé að stunda skotiþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu. Í skilgreiningunni segir jafnframt: „Framtíð skotæfingasvæðis sem nú er á svæðinu verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma sbr. ákvæði í kafla 20.4.“

Í umsögninni segir ennfremur að landnotkunar ákvæðið grundvallist á gr. 6.1. í skipulagsreglugerð, þar sem segir: „Ef nýtt skipulag felur í sér breytingu á stefnu um landnotkun á tilteknum reit skal gerð grein fyrir því hvenær og hvernig breytingin kemur til framkvæmda og hvað gildir fram að því. Þetta getur t.d. átt við um svæði sem skilgreina á sem þróunarsvæði.“ Hér er vísað sérstaklega til þróunarsvæða, sem iðnaðarsvæði I2 er klárlega, þ.e. svæða sem ætlunin er að umbreytist og færast yfir í aðra landnotkun á skipulagstímabili aðalskipulags. Fyrir liggur að ekki kemur til uppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði á næstu árum og líklegt að skipulagning þess verði skoðuð í samhengi við framvindu Sundabrautarframkvæmdar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á ofangreindri grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um tímasetningu og framvindu uppbyggingar skv. framtíðarlandnotun. Umrætt ákvæði, svo og sér skilgreining I2, er mikilvægt til að skerpa á réttarstöðu þeirra fyrirtækja og rekstraraðila og annarra leyfishafa, sem búa við slíka óvissu vegna breyttrar framtíðar landnotkunar.



[Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023](#)

Í niðurstöðu umsagnarinnar er ekki lagst gegn því að starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, sem er innan svæðis I2 samkvæmt AR2040, verði endurnýjað til skemmri tíma. Í ljósi þess að vinna er að fara af stað við val á nýrri framtíðarstaðsetningu skotfélaganna, áformaðrar endurskoðunar á aðalskipulagi á Kjalarnesi, að ósætti hefur verið um starfsemina um langt skeið (sbr. niðurfelling leyfis til Skotreynar sem er austan við I2 svæðið), er lagt til að leyfið takmarkist við 2 ár.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Unnin var tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Í tillögunni var lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Í tillögunni var lagt til að gildistími yrði til 31. október 2026 sem er vel innan tímamarka AR2040 í samræmi við umsögn skipulagsfulltrúa.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 25. nóvember 2022 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur til 28. desember 2022, að teknu tilliti til jóladaga.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls bárust 11 athugasemdir við tillögu að starfsleyfi. Gerð er grein fyrir athugasemdunum hér að neðan (athugasemdir með skáletri til aðgreiningar) og svör HER við þeim. Athugasemdirnar eru birtar í tímaröð eftir því hvenær þær bárust HER.

Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru athugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn eða skrifuðu undir en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu. Skipulagsyfirvöld móta skipulag og landnotkun í skipulagi sem ákvarðar á hvaða svæðum tiltekin starfsemi er heimil. HER metur í umsóknarferli hvort tiltekin starfsemi sé í samræmi við skipulag eða heimila notkun húsnæðis og leitar einnig, eftir atvikum, umsagnar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um það sama, sbr. ákvæði þar um í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. HER er ekki heimilt að gefa út starfsleyfi nema fyrir liggja jákvæð umsögn, eftir atvikum, skipulagsfulltrúa og/eða byggingarfulltrúa.

Helstu umhverfisáhrif af starfsemi skotvalla eru hávaði, möguleg mengun vegna efna í skotum og höglum og umgengni á svæðunum. Hávaði frá starfseminni hefur í för með sér ónæði fyrir nágretta og útivistarfólk og notkun á blýhöglum hefur í för með sér mengunarhættu í umhverfinu. Það er hlutverk HER að setja starfseminni mörk í starfsleyfi til að lágmarka þessi umhverfisáhrif.

Starfsemi skotvallarins hefur áhrif á ólíka hagmunahópa. Annars vegar eru það skotveiði- og skotíþróttafólk sem nýtir aðstöðu til að stunda skotæfingar. Hins vegar eru íbúar og eigendur fasteigna við Kollafjörð og á Kjalarnesi og útivistarfólk sem m.a. vill njóta kyrrðar. Hagmunir og sjónarmið þessara hópa eru gjörólíkir og endurspeglast það í athugasemdunum. Við gerð starfsleyfisskilyrðanna var tekið tillit til sjónarmiða beggja að



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Því leyti sem hægt var án þess að ganga um of á sjónarmið annars hvors hópsins og innan þess ramma sem lög og reglugerðir setja, m.a. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Þannig er starfsemi heimil og þjónar það hagsmunum skotmanna en takmarkanir eru á opnunartíma og kemur það til móts við sjónarmið íbúa og útivistarfólks. Einnig er starfsemi óheimil föstudaga og sunnudag (undantekningar eru vegna skotmóta sbr. gr. 4.1.2 í starfsleyfisskilyrðum) og sérstaka/lögbundna frídaga og er það til að koma til móts við kröfur um næðisdaga.

Ein mestu og umdeildustu áhrif af starfsemi er ónæði vegna hávaða. Í athugasemdum við tillögu að starfsleyfi, bæði nú og árið 2021 hefur komið fram gagnrýni á aðferðafræði HER við mælingar á hávaða og m.a. verið bent á að niðurstöður mælinga sem fyrirtækið Trivium mun hafa framkvæmt að beiðni íbúa bendi, að sögn íbúa, til þess að hávaði frá starfsemi sé meiri en HER mælir. HER ber að starfa eftir gildandi lögum og reglugerðum á Íslandi og leiðbeiningum um mælingar á hávaða gefnum út af Umhverfistofnun (UST). Leiðbeiningar um framkvæmd hávaðamælinga vegna skotvalla er ekki að finna í reglugerð nr. 724/2008 eða leiðbeiningum UST um mælingar á hávaða né er að finna viðmið í rg. 724/2008 fyrir hávaða vegna starfsemi skotvalla né viðmið fyrir opin svæði eða landbúnaðarsvæði sem er skilgreind landnotkun í skipulagi á þeim svæðum sem helst verða fyrir áhrifum af starfsemi. HER bendir á að í brottfallinni reglugerð um hávaða nr. 933/1999 er að finna eftirfarandi ákvæði í 1. gr. í viðauka undir kafla um reglur um hávaða utanhúss: „Ef upp koma tilvik þar sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.“ Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008. HER er ókunnugt um hvers vegna þetta ákvæði var fellt út en ætla verður að stjórnvöld hafi gert það af ástæðu. HER leitaði til UST um leiðbeiningar um hvaða mæliaðferð ætti að nota í þessu tilfalli. Í svari UST var mælt með því að notuð væri sænsk mæliaðferð þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor*. Ekki er vísað í þá aðferð í íslenskum lögum og reglugerðum og telur HER ekki stoð í íslensku regluverki fyrir því að fylgja ráðleggingum UST til að byggja á kröfur í starfsleyfi. HER telur, að höfðu samráði við lögfræðinga Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf, að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum framkvæmdum samkvæmt tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er vísað til þeirra í íslenskum lögum eða reglugerðum s.s. reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Þrátt fyrir að UST hafi bent á þessa mæliaðferð í svari sínu kom sama sjónarmið fram í samtölum við UST, þ.e. að vafi léki á því að hægt væri að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum eða útreikningum samkvæmt sænsku leiðbeiningunum.

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 8. desember 2022 um tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi:

Íbúaráðið vill koma því á framfæri til HER að núverandi staðsetning sé alls ekki heppileg fyrir skotsvæði á Kjalarnesi og óskum þess að fundið sé annað heppilegra svæði fyrir starfsemi. Sé þess alls ekki kostur vill íbúaráð koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum á tillögu að starfsleyfisskilyrði:

Í tillögunni stendur “Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.” Það er ekki nægilega skýrt um hvers kyns aðgerðir stefnt sé að í þessu samhengi og óskar íbúaráðið eftir frekari upplýsingum um þær. Skotsvæðinu er gert að skila inn hugmyndum að úrbótum fyrir nóvember 2023. Íbúaráðið óskar eftir upplýsingum um hvers vegna svo langur tímafrestur sé gefin til þess að skila inn hugmyndum að úrbótum. Íbúaráðið telur rýmri opnunartíma til þess að skotið sé úr rifflum án hljóðdeyfa algjörlega fráleita. Sérstaklega í ljósi þess að kærur liggja á borði úrskurðarnefndar varðandi lög um mælingar á hávaða og mengun, ekki liggur fyrir niðurstaða í þeim málum. Hljóðmælingar sem hafa verið framkvæmdar hingað til af HER hafa ekki endurspeglad upplifanir íbúa á svæðinu og því getum við ekki sætt okkur við rýmri opnunartíma með þessum skilyrðum, íbúaráðið telur jafnframt að ekki ætti að leyfa skot úr rifflum án hljóðdeyfa.

Svar HER: HER ítrekar að staðsetning skotsvæða er skipulagsmál og ekki ákvörðun HER. Það er rekstraraðila að leggja til aðgerðir til að draga úr hávaða og ónæði. HER leggur hvorki til né hafnar fyrirfram einhverjum aðgerðum heldur leggur mat á tillögur rekstraraðila og metur hvort þær séu taldar líklegar til að skila árangri eða hvort þær séu ekki líklega til að skila árangri og þær þurfi að útfæra betur eða skila inn nýjum tillögum. Frestur er gefinn til nóvember 2023 til að skila inn hugmyndum að úrbótum í ljósi umsagnar skipulagsfulltrúa en þar var boðað að framtíð skotæfingasvæðisins verði viðfangsefni sérstakrar breytingar á aðalskipulagi sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða og að vinna við þessa breytingu hefjist fljótlega.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

HER telur eðlilegt að beðið sé þess að hugmyndir eða drög að breytingu á skipulagi liggja fyrir þannig að tillögur að úrbótum verði ekki í andstöðu við boðaðar breytingar á skipulagi og þurfi því að vinna aftur. Í tillögu að starfsleyfi var ekki gefið til kynna að aukið yrði við opnunartíma fyrir riffilskotfimi án hljóðdeyfis. Niðurstaða úr nefndri kæru liggur fyrir og var ákvörðun HER um útgáfu starfsleyfis feld úr gildi. Í úrskurðinum er ekki vikið einu orði að mælingum á hávaða eða mengun og því engin leiðbeining um það hvort eða þá hvernig standa skuli að mælingum á þessum þáttum. HER styðst við mælingar á hávaða til að meta hljóðstig frá starfsemi skotvalla. HER telur að með tillögu um opnunartíma sé reynt að koma til móts við þarfir sem flestra hagsmunahópa með mislögum opnunartíma og banni við starfsemi tvo daga í viku. Ekki er grundvöllur til að banna alfarið riffilskotfimi án hljóðdeyfa þar sem að hávaði frá rifflum er mjög mismunandi eftir stærð þeirra og stærð skota auk þess sem ónæði yfir miðjan daginn hefur alla jafna mun minni áhrif vegna annarra þátta svo sem ónæði frá umferð þegar hún er mest. Þá er óheimilt að nota hljóðdeyfa í ákveðnum keppnisgreinum í riffilskotfimi og rétt að koma til móts við það svo ekki sé komið í veg fyrir að hægt sé að keppa í þeim greinum.

Athugasemdir Hjálmars Ævarssonar:

Sælir

Lýsi yfir miklum vonbrigðum með fyrirhugað starfsleyfi, þetta er frístundafélag og ætti að fá að vera opið öll kvöld til kl.21.00, einnig á laugardögum.

Sérstaklega ætti að taka til að hægt er að stunda riffilæfingar sem bundnar yrðu við hljóðdeyfa, þá er hávaðapátturinn frá.

Ekki má gleyma að þessi skotfélög á Álfsnesi voru nauðungarflutt burt frá annars ágætis svæði í Leirdal, með loforðum um betra og endanlega svæði á Álfsesi.

Svar HER:

Tillögu að opnunartíma skotæfingasvæðisins er ætlað að koma til móts að einhverju leyti við mismunandi hagsmunahópa. Þannig eru það hagsmunir notenda svæðisins að starfsemin sé opin þó með takmörkunum sé og það eru hagsmunir þeirra sem fyrir ónæði verða að takmarkanir séu á opnunartíma til að tryggja næði til móts við ónæðið sem þeir verða fyrir af starfseminni.

Í starfsleyfinu eru ákvæði um að hægt sé að sækja um aukinn opnunartíma fyrir riffla með hljóðdeyfi að undangenginni mælingu sem sýni að hávaði frá þeim hluta starfseminnar sé innan marka reglugerðar um hávaða. Það hefur ekki enn verið gert. Síðast liðið sumar var reynt að framkvæma mælingar á hávaða frá rifflum með hljóðdeyfi en mælingarnar misfórust vegna hávaða frá vegaframkvæmdum við Vesturlandsveg. Heilbrigðiseftirlitið átti ekki aðild að samningum um flutning eða úthlutun svæðis í Álfsnesi fyrir starfsemi SR og getur hvorki né á að svara fyrir það hvort aðstaðan var hugsuð tímabundið eða til frambúðar.

Athugasemdir Magna Mortensen:

Ég vil gera athugasemd við verulega skertan opnunartíma. Í þessu felst gríðarleg mismunun á okkar íþróttafólki gagnvart öðrum skotíþróttafélögum og annarri íþróttaiðkun almennt. Það er erfitt að leggja mat á hvað liggur til grundvallar ákvörðunar um að takmarka opnunartíma svæðisins, þar sem engar upplýsingar fylgja tillögunni. Hafa verið gerðar mælingar á sem sýna fram á hávaða umfram það sem reglur kveða á um? Hefur verið sýnt fram á að kvartanir sem hafa borist séu vegna hljóða frá skotsvæði SR en ekki annarstaðar frá? Ég vil benda á að á svæði SR eru hljóðvarnir til staða bæði á haglavöllum og riffilbraut, en engar slíkar varnir eru á öðrum svæðum á Álfsnesi. Það hljóta að þurfa að liggja fyrir mælingar og rök til að styðja þessa ákvörðun um að skerða opnunartíma svona mikið.

Svar HER: Hljóðmælingar voru gerðar vegna starfsemi SR við undirbúning útgáfu starfsleyfis árið 2021 og var gerð grein fyrir þeim mælingum í greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir SR sem finna má hér https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/skotfelag_reykjavikur.pdf?iframe=true. Þessar mælingar eru í fullu gildi og því notaðar við mótun tillögu að starfsleyfi. Það er rétt að að eru hljóðmanir á svæði SR en þær draga ekki nægjanlega úr hávaða frá starfseminni. HER hefur ekki séð neitt sem bendir til þess að þær hafi verið gerðar út frá á kveðnum forsendum eða útreikningum varðandi stærð eða hönnun til að þær skili nægjanlega hávaðavörn.



Athugasemdir Vignis Jóns Vignissonar:

Íslandsmeistarar án æfingarsvæðis.

Undirritaður gerir athugasemd varðandi skertan opnunartíma Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Keppnisfólk félagsins er á öllum aldri og eru sumt þeirra fjölskyldufólk. Þessi skerti opnunartími kemur niður á framförum þessa íþróttafólks og sömuleiðis á fjölskyldulífi þeirra.

Það hafa verið framkvæmdar hljóðmælingar af viðurkenndum aðilum á Skotsvæði Reykjavíkur varðandi hljóðmengun þar sem niðurstaðan er að hún er innan þeirra marka sem leyfðar eru á svæðinu. Því er engin fyrirstaða fyrir því að keppnismenn og aðrir gestir þurfi að líða fyrir skertan opnunartíma frekar en þeir sem sækja aðrar íþróttir á höfuðborgarsvæðinu.

Það hefur verið löngu sannað að íþróttir auka líkamleg og andleg vellíðan og verður ekki frá því vikið að lokun æfingarsvæðisins Skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi hefur komið verulega niður á keppnisfólki félagsins. Skotíþróttir er viðurkennd íþróttagrein og á keppnisfólk að geta stundað sínar íþróttir án vandkvæða.

Undirritaður er keppnismaður hjá Skotfélagi Reykjavíkur.

Svar HER: Tillögu að opnunartíma skotæfingarsvæðisins er ætlað að koma til móts að einhverju leyti við mismunandi hagsmunahópa. Þannig eru það hagsmunir notenda svæðisins að starfsemin sé opin þó með takmörkunum sé og það eru hagsmunir þeirra sem fyrir ónæði verða að takmarkanir séu á opnunartíma til að tryggja næði til móts við ónæðið sem þeir verða fyrir af starfseminni.

HER er ekki kunnugt um þær hljóðmælingar sem vísað er til í athugasemdinni. Niðurstaða hljóðmælinga HER er að hávaði frá skotæfingarsvæðinu er yfir mörkum á kvöldin og því eru lagðar til takmarkanir á starfsemi flest kvöld eftir kl. 19. Ítrekað er að það eru viss vandkvæði við ákvarðanir varðandi mat á hávaðamælingum þar sem ekki eru ákvæði í reglugerð um hávaða sem eiga beint við um hávaða frá skotæfingarsvæðum.

Athugasemdir Skotfélags Reykjavíkur:

Athugasemdir við auglýst starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur vegna skotvallar á Álfsnesi. Athugasemdir eru gerðar við eftirfarandi liði í starfsleyfisskilyrðunum eftir **númerum** þeirra. Við viljum minna sérstaklega á það að Skotfélag Reykjavíkur er íþróttafélag sem starfar eftir reglum Skotíþróttasambands Íslands, STÍ, Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, Alþjóða Skotíþróttasambandsins, ISSF, og Alþjóða Ólympíusambandsins, IOC. Að þessu upplýstu hljóta starfsleyfisskilyrðin að þurfa að taka tillit til þess að íþróttafólk okkar eru ekki atvinnumenn í íþrótt sinni og verða því að reiða sig á æfingaaðstöðu sem opin er í frítíma þeirra.

3.1 Ráðstafanir voru gerðar af Reykjavíkurborg til að minnka hljóð frá svæðinu við byggingu þess með öflugum hljóðmönnum utan um bæði haglabyssuvelli sem og ríffilvöll. Af ríffilsvæði er skotið innan úr húsi sem minnkar hljóð verulega frá svæðinu.

3.2 Þetta ákvæði er þegar í gildi, þar sem iðkendur eru hvattir til að nota hljóðdeyfa, en nokkrar keppnisgreinar leyfa þá ekki.

3.3 Ákvæði um breytta skotstefnu, getur ekki átt við svæði Skotfélags Reykjavíkur, því alþjóða keppnisreglur í Ólympísku haglabyssuskotgreininni "skeet" leyfir ekki að skotið sé í aðra átt en norður á norðurhveli jarðar.

3.4 Tillögur að endurbótum hafa þegar verið sendar Borgarráði um frekari ráðstafanir til úrbóta á hljóðvist svæðisins. Ekki er ljóst hvað átt er við með "raunhæfum tillögum", allar okkar tillögur lúta að því að þær séu auðvitað raunhæfar.

4.1.1 Leggjum til að opið verði mánudaga til fimmtudaga kl.10-21, laugardaga kl.10-17 og sunnudaga 12-17. Þessi tímasetning á fyrst og fremst við frá apríl til október. Þessi tímasetning á við opinberan opnunartíma þar sem vaktir eru mannaðar starfsmönnum. Aukinn möguleiki þarf að vera til staðar fyrir keppnislið okkar sem eru að æfa sig fyrir alþjóðlegar keppnir í greinum sínum.

4.1.2 Heimild til okkar félags um íþróttamót þurfa að vera mun rýmri. Keppnistímabil útigreina Skotíþróttasambands Íslands og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands stendur yfir frá maí til september. Ákvarðanir um mótahald geta tekið örum breytingum vegna veðurfars og því leggjum við til að ákvæðið verði orðað "**allt að átta mót**" í stað "**allt að fjórum**". Ákvæðið um eitt slíkt mót á mánuði falli út. Auglýsingar um slíkt mót verða sendar um leið og liggur fyrir nákvæm tímasetning.

4.1.4 Við teljum að þegar liggja fyrir hljóðmælingar úr ríffilhúsi og því hægt að auglýsa nú þegar breyttan notkunartíma þar sem hér segir: mánudaga til fimmtudaga kl.10-22, laugardaga kl.10-22 og sunnudaga 10-18.



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

6.1 til 7.2 Reykjavíkurborg þarf að koma að þessum atriðum því svæðið á að vera tilbúið til notkunar sem skotsvæði einsog margoft hefur verið komið að frá því svæði félagsins í Leirdal var lokað árið 2000 og þetta svæði fannst í stað þess.

Svar HER:

3.1 Ekki hefur verið sýnt fram á að manirnar hafi verið hannaðar út frá mælingum eða útreikningum sem sýndu fram á að manirnar eins og þær eru skili mestum árangri við hljóðvörn. Eins og bent er á í eftirlitsskýrslu HER frá 2020 er ríffilhúsið ekki klætt með hljóðísogs eða -einangrandi efni og því er takmörkuð hljóðvörn í því.

3.2 Ekki er þörf á svari HER.

3.3 Ef ekki er hægt að breyta um skotstefnu af tilgreindri ástæðu þarf að leggja áherslu á aðrar aðgerðir til hljóðvarna.

3.4 Með raunhæfum tillögum er átt við að tillögurnar byggi á mælingum eða útreikningum og hönnun þannig að hljóðvarnirnar komi að mestu gagni. Einnig er átt við að þær verði í samræmi og taki mið af tillögum um breytingar á skipulagi sem væru hluti af sérstakrar breytingar á aðalskipulagi sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4.1.1 Takmarkanir á opnunartíma eru settar til að draga úr ónæði frá starfsemi. Að mati HER eru bættar hávaðavarnir forsenda fyrir því að hægt sé að gera breytingar á opnunartíma í þá veru að lengja hann.

4.1.2 HER er ljóst að veðurfar getur haft áhrif á tímasetningar móta og orðið til þess að þau falli niður með skömmum fyrirvara. HER telur það koma til greina að heimila að færa megi mót á milli daga með skömmum fyrirvara út af veðurástæðum. Markmið með takmörkun á opnunartíma er að tryggja að ekki sé ónæði frá starfsemi alla daga. Því er starfsemi almennt ekki heimil á föstu- og sunnudögum. HER telur að með fjölgun móta sé unnið gegn þessu markmiði og telur ekki hægt að verða við tillögunni að svo komnu máli. Bættar hávaðavarnir til að draga úr ónæði frá starfsemi eru lykill að því að hægt sé að fjölga mótum.

4.1.4 HER hefur ekki hljóðmælingar sem sýna að hávaði frá rífflum með hljóðdeyfa sé innan marka þannig að til greina komi að breyta opnunartíma hvað það varðar.

6.1 til 7.2 Samkvæmt umsókn um starfsleyfi og tillögu að starfsleyfisskýrslum er SR handhafi starfsleyfis og rekstraraðili skotsvæðisins og ber ábyrgð á því gagnvart HER að ákvæði starfsleyfis séu uppfyllt. Telji SR að fleiri aðilar þurfi að koma að því að aðstoða félagið við að uppfylla skilyrðin er það félagsins að sjá til þess að svo verði.

Athugasemdir Sveinbjörns Guðmundssonar:

Skotfélag Reykjavíkur varðandi tillögur að starfsleyfi.

Til þess er málið varðar.

Ég, Sveinbjörn Guðmundsson, vill vekja athygli á nokkrum smáatriðum sem ég tel að rétt sé að huga að.

Fyrst vill ég taka til þess sem ekki fæst breytt. En það er skammur tími sem væntanlegt starfsleyfi gildir.

Fyrir vikið verður á brattan að sækja þegar kemur að því að framkvæma nauðsynlegar úrbætur sem undirritaður telur öllum til hagsbóta. Má þar nefna söfnun á býi á ríffilvelli, betri hljóðvist og nýting á því sem jarðgerðarstöð hefur upp á að bjóða.

Í lið 2.2: *segir Notast skal við blýlaus ríffilskot þegar því er við komið.* Þarna vil ég gjarnan sjá ákvæði um að á styttri færum á ríffilbraut 25, 50 og 100 metrum verði settar upp blýgildur. Svo má huga að því þegar starfsleyfi verður gefið út til lengri tíma að bæta við blýgildum á lengri færum. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir jarðvegsskiptum.

Í lið 3.1 segir: *Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðísogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana.* Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemi veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.

Þar sem starfsleyfi er gefið út í skamman tíma ekki líklegt að framkvæmdafé fái til stórra verka. Þó vill ég vekja athygli á að yfirskotvörn getur virkað sem hávaðavörn og veitir aukið öryggi á og við ríffilbraut. Í því samhengi vill ég nefna Dagný Bjarnadóttur landslagsarkitekt og hönnuð. Dagný hefur unnið með Fang útihúsgöng sem yrði fyrirtaks fyrirmynd að yfirskotvörn sem dregur úr hávaða. Þetta fer vel með hugmyndum okkar um notkun á endurunnum efnum.



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Í lið 3.2 segir: *Að jafnaði skal nota hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.*

Þarna vil ég gjarnan að orðið jafnaði verði fellt út og liður 3.2 orðaður svona: Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi. Einungis er heimilt að nota riffla án hljóðdeyfa í þeim skotgreinum sem alþjóðareglur kveða svo á um. Notkun á hlaupbremsum er með öllu óheimil.

Í lið 4.1 segir: *Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:*

Á skotsvæði SR eru stundaðar mismunandi skotgreinar. Til einföldunar má tala um haglagreinar og kúlugreinar. Það er illa gert að gera ekki greinamun þar á.

Í lið 4.1.1 segir: *Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10- 19 og á laugardögum frá kl. 10-16.*

Þessu verð ég að andmæla og bendi á að skotgreinar með rifflum sem nota hljóðdeyfa eru ekki vandamál.

Í lið 4.1.2 segir: *Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt.*

Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara.

Svona til að gæta jafnræðis vill ég benda á að ekkert íþróttafélag sætir afarkostum sem þessum. Og enn og aftur. Skotgreinar eru afar mismunandi og keppni með rifflum sem nota randakveikt skothylki, kemst ekki í hálfkvisti við KR-inga á góðri stundum hvað varðar hávaða.

Í lið 4.1.3 segir: *Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.*

Ég vil vekja athygli á stefnu ríkis, sveitarfélaga og höfuðborgar að mismunun vegna trúarbragða er óheimil. Eftir því sem ég best veit er ekkert íþróttafélag með áþekk ákvæði.

Í lið 4.1.4 segir: *Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir riffla úr riffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir riffla með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.*

Hér er opnað á möguleika á lengri opnun og þakka ber það sem batnandi fer. En svona til að gæta sanngirni þá vill undirritaður benda á að snautlegt yrði íþróttalíf ef þetta yrði jafnt yfir allar íþróttagreinar að ganga.

Að lokum vill ég hnykkja á því að yfirsíkotvörn á riffilsvæði hefur einhverja hluta vegna ekki þótt nauðsynleg. Því er ég ósammála og vill benda á, að á góðum degi er fjöldi báta og skipa á hafinu fyrir framan riffilbraut. Yfirsíkotvörn er tiltölulega einföld framkvæmd sem um leið dregur úr hávaða.

Starfsemi SR á Álfsnesi býður uppá samþættingu við núverandi starfsemi í næsta nágrenni. Gjarnan vildi ég sjá stefnumótun um sjálfbært skotsvæði þar sem ónýtt orka yrði nýtt til lýsinga og upphitunar. Þar má nefna vindinn stundum kallaður Kári. Gas sem til fellur í næsta nágrenni. Samstarf við framhaldsskóla um þróun á nýtingu á rafhlöðum er til falla við förgun bíla. Orkubankar úr rafhlöðum staðsettir í samstarfi við fagfólk í landslagshönnun koma til með að veita skjól og brjóta upp hljóðstefnu. Nýting á jarðgerðarefnum sem standast staðla til notkunar á mengandi svæðum er efni í fyrirtaks hljóðmanir á skotsvæði SR. Nýting á efnum sem falla til á Álfsnesi mun draga úr akstri vörubíla. Með sameiginlegu átaki fyrirtækja á Álfsnesi, Reykjavíkurborgar og SR sem rekur íþróttasvæði á Álfsnesi á markmiðið að vera Skotíþróttasvæði rekið í sátt við nálæga íbúa.

„Að lokum legg ég til að undirritaður verði skipaður formaður stýrihóps á vegum Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að ferðast um Evrópusambandið og kynna sér mannvirki á skotvöllum.“

Svar HER:

Varðandi lið 2.2 – HER hefur talið ásættanlegt að jarðvegbanar að baki skotskífum haldi og geymi skotin. Þau má svo hreinsa úr við jarðvegsskipti. HER telur ekki rétt á þessum tímapunkti að breyta um tillögun á föngun á skotum í ljósi óvissu um framtíðs skotsvæðisins. Tillaga um blýgildur er áhugaverð og vel til þess falin að skoða við gerð tillögu að nýju starfsleyfi ef fyrir liggir að starfsemin sé til langframa eða ef útbúið yrði nýtt svæði fyrir skotæfingar

Varðandi lið 3.1 – Hlutverk HER sem eftirlitsaðila er að setja starfseminni ramma og skilyrði um starfsemina til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif á starfseminni. Eðli málsins samkvæmt getur HER ekki lagt til leiðirnar að markmiðunum, þá væri HER farið að hafa eftirlit með eigin hugmyndum sem gengur ekki fyrir eftirlitsaðila. Það er rekstraraðila starfsemina að setja fram tillögur að því hvernig staðið er við ákvæði starfsleyfis og HER metur hvort þær tillögur um aðgerðir sem rekstraraðili setur fram séu líklegar til að skila



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

árangri og ásættanlegri niðurstöðu eða kallar eftir nýjum tillögum. Að þessu sögðu er höfundur athugasemda hvattur til að eiga samtal við stjórn SR um yfirsíktvörn sem lið í hávaðavörnum.

Varðandi lið 3.2 – Í lið 3.2 eru lagðar til breytingar á ákvæði um notkun hljóðdeyfa og að hlaupbremsur verði með öllu óheimilar. HER tekur undir þann hluta tillögunnar sem lítur að breytingum varðandi notkun hljóðdeyfa.

Varðandi lið 4.1.1 – HER telur að hljóðmælingar sem sýni fram á að hávaði frá riffilskotum með hljóðdeyfi sé innan marka í reglugerð sé forsenda fyrir því að hægt sé að hafa mismunandi opnunartíma. Slíkar mælingar liggja ekki fyrir en, eins og kemur fram í gr. 4.1.4. er hægt að sækja um rýmri opnunartíma fyrir riffila með hljóðdeyfi að undangenginni slíkum mælingum.

Varðandi lið 4.1.2 – Það kann að vera rétt en HER bendir á að starfsemi skotæfingasvæða hefur sérstöðu gagnvart öðrum íþróttasvæðum að því leyti að meira ónæði fylgir venjubundinn starfsemi skotæfingasvæða á meðan hávaði og ónæði fylgir stökum viðburðum s.s. kappleikjum á öðrum íþróttasvæðum. HER hefur staðfest með hávaðamælingum að hávaði mælist yfir mörkum reglugerðar á kvöldin og er það grundvöllurinn að þeim takmörkunum á opnunartíma sem fram koma í starfsleyfi. Staðlar og leiðbeiningar um mælingar á hávað segja til um þær aðstæður sem eiga að vera til að mælingarnar séu marktækar, m.a. að skotið skuli vera með háværa vopni sem alla jafna er notað á svæðinu, ekki þeim sem minnstan hávaða gefa frá sér. Með öðrum orðum er verið að mæla mesta ónæði og eru kröfur miðaðar út frá þeim mælingum. HER hefur því ekki sjálfval um það hvernig staðið er að mælingum eða hvaða byssur og skotfæri eru notað.

Varðandi lið 4.1.3 – Áhugaverð ábending. Ákvæðið er ekki sett fram til að mismuna trúarbrögðum. HER bendir á að umræddir dagar eru hluti lögbundinna frídaga á Íslandi sbr. 6. gr. laga nr. 88/1971.

Ábendingar um samnýtingu svæða er einnig áhugaverð en hún snýr fyrst að skipulagi og landnotkun og samtarf aðila annarra en HER. HER bendir á að rétt væri að koma þessum hugmynd um á framfæri við Reykjavíkurborg í tengslum við vinnu að framtíðarfyrirkomulagi skotæfingasvæða.

Að lokum er það svo að HER kemur ekki að skipan stýrihóps á vegum Reykjavíkurborgar til að kynna sér mannvirki á skotvöllum innan Evrópusambandsins, en eflaust má færa fyrir því rök að það sé þarft og gott að kynna sér þau mál.

Athugasemdir Önju Þórdísar Karlsdóttur og Kristbjörns Haraldssonar:

Athugasemdir vegna tillögu að starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur, Álfsnesi

Í auglýsingu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 25.11.2022 segir að heimilt sé að senda athugasemdir og ábendingar við tillögu um veitingu á starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur, Álfsnes. Af því tilefni vilja undirritaðir, fasteignaeigendur og íbúar að Stekk, Kjalarnesi (162 Reykjavík), koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Við mótmælum harðlega að starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur verði veitt vegna eftirfarandi atriða:

1. Kæru v/ Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis á Álfsnesi (Skotreyrn) ekki afgreitt

Við mótmælum að starfsleyfi annars skotveiðifélags verði afgreitt áður en að kæru sem eru í vinnslu hjá Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála eru afgreiddar. Ástæðan er að flesta athugasemdir sem koma fram í þessu bréfi eru hluti fyrrnefndar starfsleyfis og kæru og niðurstöðu Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála kann að hafa áhrif á útgáfu starfsleyfis fyrir Skotfélag Reykjavíkur.

2. Umsögn Skipulagsfulltrúa

Í umsögn kemur fram að skipulagsfulltrúi mælir með skemmri tíma fyrir viðkomandi starfsleyfi. „Skemmri tíma“ er teygjanlegt hugtak og viljum við frekar að sjá að ef starfsleyfi er gefið út, þá hámark 1-2 ár í stað 4 ára. Einnig mælir skipulagsfulltrúi með að gefa út starfsleyfi með strangari skilyrðum varðandi t.d. opnunartíma og kanna aðra staðsetningu og ráðleggur hann að „gefa út leyfi með athugasemdir við er varðar opnunartíma, umhverfisþætti og hljóðmengun.“ Það er ekki fyrsta skipti að skipulagsfulltrúi mælir gegn þessari staðsetningu fyrir skotsvæðin. Það undirstrikar einnig okkar kröfu að starfsleyfi verði ekki veitt og ef þá með mun styttra starfsleyfistímabili. Skipulagsvinna er í gangi og ætti sú vinna að klárast bráðlega og því kunna að breytast forsendur fyrir þessu starfsleyfi. Skipulagsfulltrúi mælti gegn þessari staðsetningu og fyrir styttingu opnunartími í umsögn frá 22. Janúar 2021 (sjá viðhengi).

3. Greinargerð Skotfélags Reykjavíkur Í greinargerð Skotfélags Reykjavíkur kemur fram að svæðið er mjög oft lokað vegna veðurs! Það veldur því að mesta ónæði fyrir íbúar og landeigendur er vegna skotsvæða þegar gott er verður og hentugt til útiveru! Það undirstrika okkar kröfu um að finna önnur og frekar hentugri svæði fyrir skotfélögin. Svæði sem er meira veðursælt og einnig mun auðveldara að einangra vegna hljóðmengunar. Í greinargerð tekur Skotfélag Reykjavíkur fram að hljóðvist væri innan allra heilsumarka og



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Heilbrigðiseftirlit hefur mælt gaumgæfilega hljóðið frá svæðinu. Við erum ekki sammála þessari staðhæfingu vegna þess að mælingar sem voru gerðar eru ekki að mæla raun hávaða frá skotunum (hávaða toppar) heldur meðalhávaða. Þrátt fyrir að Umhverfisstofnun mælir fyrir að hávaðamælingar fyrir skotsvæðin eigi að mæla eftir svokallaðri „sænsk aðferð fyrir skotsvellir“ en HER notar aðra aðferð. Auk þess hafa verið framkvæmdar í sumar mælingar fyrir Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis (Skotreyrn) en á sama tíma hafa ekki verið gerða nýja mælingar við svæði sem Skotfélag Reykjavíkur hefur verið með starfsemina, þrátt fyrir að það lá fyrir að skotfélagið mun sækja um starfsleyfi. Þessvegna mótmælum við einnig að starfsleyfi verði veitt án frekari hljóðmælinga og frekari kannanir t.d. mælingar og útreikningar frá óháðum sérfræðing í hljóðvist. Einnig geri Skotfélag Reykjavíkur efirfarandi tillögu að vörnum:

Hækka hljóðmanir það er ágætis tillaga en við viljum benda á því staðreynd að ekki er hægt að hækka hljóðmanir bara „eitthvað“. Hér þarf að láta hljóðsérfræðing reikna út hvort það mun skila árangri og þá hvernig þyrfti að hækka og bæta hljóðmanir. Útreikningar sem við höfum gert sýna fram að hljóðmanir þurfa vera 30m háir sumstaðar til að geta einangrað með góðum árangri. Skipulagsfulltrúar og aðrir hljóðsérfræðingar hafa í gegnum tíðina mælt gegn þessari staðsetning á Álfsnesi vegna óhagstæðs umhverfis (sjó, klettur í Esjunni, útivistarsvæði).

Sundabraut Skotfélag Reykjavíkur nefnir í greinargerðina að áætluð Sundabraut mun skera svæði og telur að það landsvæði muni henta mjög illa undir flesta aðrar starfsemi. Samt segja þeir sjálfir að þetta svæði henti illa fyrir skotsvæði vegna veðurfars. Að okkar mati þarf að skoða mjög gaumgæfilega hvort öryggi vegfarenda væri í húfi. Við getum ekki talið það hagstætt að hafa skotsvæði beint við hlíðina á aðalstofnæð borgarinnar! Þeirri staðhæfingu að þetta svæði muni nýtast illa undir aðra starfsemi vísu við á bug. Á Álfsnesi er nú þegar mörg önnur starfsemi og eftir nokkur ár mun það vera eftirsótt staðsetning. Við vitum ekki betur en þarna sé hugsað hafnarsvæði. Starfsemin sem nú er í miðbæ Reykjavíkur á eftir að þurfa að flýttja annað og þá er einmitt Álfsnes staðsetning til að velja. Einnig þarf að skoða hönnun á Sundabraut, sem liggur ekki alveg fyrir og það undirstrikar enn einu sinni að ekki er hægt að gefa út starfsleyfi nema til 1-2 ára vegna skipulags- og hönnunarvinnu sem er að fara af stað á næstunni.

Í greinargerð tekur Skotfélag Reykjavíkur fram að menn æfi og taki próf vegna hreindýraveiða á þessum velli. Við viljum taka fram að það er líka gert á öðrum völlum eins og til dæmis í Þórlákshöfn.

4. Umsóknaeyðublað frá Skotfélag Reykjavíkur Í umsóknaeyðublað tekur Skotfélag Reykjavíkur fram að „áætluð lok starfsemi er 01.01.2100“. Við teljum að það sé ekki hægt að gera umsókn á starfsemi til 01.01.2100 þar sem meðlimir félagsins, íbúar og landeigendur munu ekki lifa svo lengi!

5. Umhverfisstofnun Fyrirspurn HER vegna leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli hefur verið svarað þannig að HER ætti að notast við svokallaða „sænsk mæliaðferð fyrir skotvelli“. HER hefur ekki vera viljug að notast við þá mæliaðferð sem Umhverfisstofnun mælir með á grundvelli þess að „ekki er stoð í íslenskum lögum eða reglugerðum“. Samkvæmt lögum er hinsvegar Umhverfisstofnun sú stofnun sem gefur út leiðbeiningar við hljóðmengun. Það er óásættanlegt að HER fer ekki eftir leiðbeiningum sem eru gefna út af Umhverfisstofnun. Það eru hagsmunir allra sem koma að þessu máli (skotfélögin, íbúar og landeigendur, Heilbrigðiseftirlit og fleiri) að nota mæliaðferð sem mælir raunverulegan hávaða frá skothvillum. Viðkomandi mælingar eru grunnatriði til að koma í vegg fyrir ónæði og hávaðamengun frá skotvellingum.

6. Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur Úr starfsleyfisskilyrði

1.2 Gildistími í 4 ár má ekki kallast til „skemmri tíma“ eins og skipulagsfulltrúi hefur mælt með. Eins og hefur komið fram hér að ofan mun innan næstu 2 ára komin niðurstöður vegna skipulagsmála og hönnunar sem gætu breytt forsendum starfsleyfa. Við viljum að leggja til að starfsleyfi verði gefin út ekki lengur en 1-2 ár.

1.4 Á hvaða grundvelli verður metið hvort það sé „meira eða minna mengun af starfsemi“ ef aldrei hafa verið framkvæmdar neinar þungmálmamælingar og eftirlit hefur verið ábótavant (eins og fram hefur komið í eftirlitsskýrslum frá HER 2020). Hér vantar skýrari útfærslur á hvernig HER og/eða Skotfélagið Reykjavíkur getur metið/mælt mengun!

3. Hávaðavarnir Hljóðmælingar hafa ekki verið framkvæmdar nýverið eins og var gert fyrir Skotreyrn í vor/sumar 2022. Engar samanburðamælingar eru til staðar og ekki hafa verið gerðar mælingar eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun eins og hefur verið komið fram hér að ofan. Mælingar sem voru framkvæmdar fyrir mældur „iðnaðarsvæðishávaði“ en ekki „skotsvæðishávaði“. Að okkar mati þarf að gera hljóðmælingar með aðferð sem mælir raunhávaði frá skotunum áður en hægt sé að skoða útgáfu starfsleyfis. Samkvæmd lögum má Umhverfisstofnun gefa út leiðbeiningar ef enga leiðbeiningar má finna í lögum. Íbúum og landeigendum er ekki skiljanlegt af hverju HER neitar að vinna með Umhverfisstofnun til að vinna úr þeirri staðreynd að engar leiðbeiningar eru til staðar í lögum? Af hverju geta lítil sveitafélög eins og Höfn í



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Hornafirði notað þessar sænsku mæliaðferði til að búa til skotvelli og einangra hávaða frá þeim en ekki Reykjavík, höfuðborg Íslands?

3.4 Rekstraaðili skal skila til HER raunhæfa tillögu að úrbótum til að minnka hávaðaónæði. Það þarf að skilgreina betur á hvaða forsendum Skotfélag Reykjavíkur á að byggja tillögu sínu á. Á okkar mati þarf að ráða óháðan sérfræðing á sínu sviði til koma til aðstoðar við að gera raunhæfa tillögur. Fordæmi má finna t.d. á Höfn í Hornafirði við vinnslu nýja skotvæði þar sem verkfræðistofa hefur mælt og reiknað út. Allar tillögu sem byggja ekki á réttum forsendum eins og mælingum og sérfræðiþekkingu um eru á okkar mati gagnslausar. Það er gefin frestur til 23.11.2023 en nú hefur svæðið verið lokað í rúmlega ár og það er skritið að menn hafa ekki hugsað leiðir til að minnka hávaða.

2. Opnunartími skotvalla Svo lengi það sé ekkert gert til að minnka ónæði og gera úrbætur mótmælum við harðlega að opnunartími verði lengur en til kl. 19.

4.1.4 „Opnunartíma rýmri skottíma fyrir riffla úr riffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hjóðmælingu.“ Hvaða forsendur? Hvaða mælingar?

6. Ýmislegt

6.5. Það eru löngu tímabært að láta mæla þungmálmamengun til að geta metið mengun á og í kring um skotsvæði. Þungmálmamælingar hafa ekki verið framkvæmdar hingað til og vísun við hér í fyrri starfsleyfi svæðisins það sem hefði átt að gera þungmálmamælingar. Núna þar sem blýnotkun á svæði er bönnuð væri full ástæða að kanna hversu mikil blýmengun er á og í kring um skotsvæðin.

Svar HER:

- HER ber að taka umsóknir um starfsleyfi til efnislegrar umfjöllunar, gera tillögu að starfsleyfi og auglýsa hana með fjögurra vikna athugasemdafresti. Það er rétt að skotsvæðin eru tvö og staðsett hlið við hlið á Álfsnesi. Engu að síður eru rekstraraðilar tveir og HER getur ekki ákveðið að bíða með afgreiðslu umsóknar fyrir einn lögaðila þó leyfisveiting fyrir annan aðila hafi verið kærð, jafnvel þó um sé að ræða samskonar starfsemi á nánast sama stað, og ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu er að vænta í kærumálum. Þá eru málin ekki algerlega hliðstæð þar sem að starfsemi SR er nánast alfarið á skilgreindu iðnaðarsvæði en starfsemi Skotreyrn á opnu svæði og telur Skipulagsfulltrúi að það hafi áhrif sbr. umsögn Skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023.
- Það er rétt að „skemmri tími“ er teygjanlegt hugtak. HER telur 4 ár hæfilegan tíma í ljósi þess að núgildandi aðalskipulag er með gildistíma til 2040. Einnig er ljóst að boðuð skipulagsvinna sem mun m.a. taka til framtíðar skotæfingasvæðanna mun taka tíma og í því samhengi eru 2 ár mjög fljót að líða og ekki víst að skipulagsvinnunni ljúki innan þess tímaramma. Í nýrri umsögn Skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023 er mælt með því að gildistími starfsleyfis verði 2 ár og er þeirri tillögu fylgt í starfsleyfi.
Í starfsleyfi eru takmarkanir á opnunartíma og er það í takt við ábendingar skipulagsfulltrúa. Enn er minnt á að skipulagsmál og landnotkun er á forræði skipulagsfulltrúa og því má segja að ábendingar um að kanna aðra staðsetningu beini skipulagsfulltrúi til sjálfs sín. Þá getur HER ekki metið það svo að skipulagsfulltrúi mæli gegn þessari staðsetningu en um leið er boðuð vinna að skoða möguleika á annarri og framtíðar staðfestingu skotsvæða.
- Greinargerð Skotfélags Reykjavíkur er á ábyrgð félagsins og ekki HER að svara fyrir.
- Ekki er tekið tillit til þessarar tímasetningar í tillögu að starfsleyfi enda er er hún lagt utan við núgildandi skipulagsáætlanir. Í auglýsingu á tillögu að starfsleyfi fylgdi HER ábendingu skipulagsfulltrúa í umsögn dags. 1. október 2023 um að gildistími starfsleyfis væri til skemmri tíma og vel innan gildistíma skipulagsáætlunar og er tillaga um gildistíma til loka október 2016. Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar er lagt til að gildistími verði 2 ár og er sú breyting gerð í þeirri tillögu sem lögð var fram til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.
- HER bendir á að svar UST vegna fyrirspurnar HER er ekki hægt að líta á sem formlegar leiðbeiningar um hvernig standa skuli að hljóðmælingum. HER gert grein fyrir afstöðu sinni um að ekki sé hægt að mæla eftir aðferðum sem ekki er vísað til í íslenskum reglugerðum eða lögum. Sama sjónarmið hefur komið fram hjá starfsmönnum UST í samskiptum HER og UST
- 1.2 – sjá svar við lið 1. Verði breytingar á skipulagsmálum sem kalla á að starfsemin hætti eða flytji innan gildistíma starfsleyfis þá vega ákvæði skipulagsáætlunarinnar þyngra en gildistími starfsleyfis.
1.4 – Með banni við notkun blýhagla er ljóst að draga mun úr mengun af starfseminni. Þá er ljóst að ónæði er af starfseminni en takmarkanir á opnunartíma eru til þess fallnar að draga úr þeim



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

áhrifum. Berist kvartanir eða vakni grunur í eftirlit um aukið ónæði eða aukna mengun verður það rannsakað nánar af hálfu HER.

3. Hávaðamælingar vegna starfsemi SR voru framkvæmdar haustið 2020. Mælingar eftir þeirri aðferðarfræði sem UST mælti með hafa verið framkvæmdar til samanburðar en ekki til að byggja á kröfur í starfsleyfi sbr. það sem áður hefur komið fram. HER bendir á að UST hefur gefið út leiðbeiningar um hljóðmælingar en í þeim eru ekki leiðbeiningar um hávaðamælingar frá skotsvæðum. Eins og hefur komið fram er ekki hægt að líta á svar UST við fyrirspurn HER sem formlegar leiðbeiningar.

3.4 – Tillögur SR þurfa að sýna með einhverjum hætti, t.d. með því að byggja á hönnun og útreikningum á hljóðstigi, að þær eigi að koma að gagni við að draga úr hávaðaónæði frá starfseminni.

2. – Tillögu að opnunartíma er ætlað að koma til móts við hagsmunahópa þannig að starfsemin sé ekki stöðvuð en um leið séu takmarkanir á opnunartíma til að draga úr ónæði.

4.1.4 – að undandgenginni hljóðmælingu sem HER framkvæmdir eða er gerð undir umsjón/með samþykki HER til að mæla hávaða frá ríflum með hljóðdeyfi.

6.5 – Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um mengunarmælingar á eða við skotæfingasvæðin.

Athugasemdir Guðmundar Pálssonar

Undirritaður gerir alvarlegar athugasemdir við mjög svo skertan opnunartíma í tillögu HER um starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur (SR), þar sem vikið er verulega frá umsókn SR.

Undirritaðan langar að vita hvaða efnislegu rök séu fyrir því að fara ekki að ósk SR um opnunartíma í tillögu HER um starfsleyfi:

Hvaða efnislegu rök í tillögu HER um starfsleyfi stjórna því að ekki sé sami opnunartími á mánudegi og þriðjudegi? Hvaða efnislegu rök í tillögu HER um starfsleyfi stjórna því að ekki sé sami opnunartími á sunnudegi og laugardegi? Hvaða efnislegur rök í tillögu HER um starfsleyfi stjórna því að lokað sé á föstudögum?

Stytting vinnuvikunnar hefur verið baráttumál allra launþega síðustu ár. Tilgangurinn er að auka lífsgæði fólks svo það getur t.d. stundað sín áhugamál og íþróttir í meiri mæli. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins sem hefur tekið upp styttingu vinnuvikunnar. Allmargir taka út styttingu vinnuvikunnar á föstudögum eins og undirritaður gerir sjálfur. Með tillögu HER vegna nýs starfsleyfis SR á Álfsnesi er mælt með að ekki megi vera opið á föstudögum. Þetta er einmitt sá vikudagur sem vinnuveitendur og starfsfólk hafa almennt kosið að stytta. Það er því mikill ábyrgðarhluti góðrar stjórnsýslu að vinna svo að hlutum að allir gangi í takt vegna þessa, nema sterk rök mæla með öðru. Ef HER sem stjórnsýsluafli á vegum Reykjavíkurborgar ætlar að ganga gegn tilgangi styttingu vinnuvikunnar og það án sterkra raka, þá er það afar slæm stjórnsýsla sem mun dæma sig sjálf.

Undirritaður gerir einnig athugasemd við takmörkun á mótahaldi.

Að Skotfélagi Reykjavíkur sem aðili að ÍBR (Íþróttabandalagi Reykjavíkur) og ÍSÍ (Íþróttasambandi Íslands) sé settur kvóti um mótahald um helgar er bara til að takmarka og halda niðri starfseminni.

Undirritaður veit ekki til þess að nokkrar takmarkanir séu á öðrum íþróttasvæðum, svo sem á knattspyrnuvöllum í Reykjavík.

Undirritaður vill einnig koma því á framfæri að á Álfsnesi er eina aðstaðan á höfuðborgarsvæðinu fyrir rífla. Því nær ábyrgðarhluti HER til allra íbúa og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og því enn ríkari ástæða að rúmur opnunartími sér fyrir hendi.

Undirritaður er skotíþróttamaður hjá Skotfélagi Reykjavíkur

Svar HER: Mælingar á hávað frá starfseminni hafa sýnt að hann er yfir mörkum í reglugerð. Það eru efnisleg rök fyrir því að takmarka opnunartíma skotsvæðanna. Hagsmunir nokkurra hópa rekast saman og er tillaga að opnunartíma sett fram til að koma til móts við hagsmuni þessara hópa eins og hægt er. Þannig er starfsemin heimil þó með takmörkunum sé og þeim sem fyrir ónæði verða er tryggðir dagar og hlutar dags þar sem þeir mega njóta næðis frá starfseminni. Það er einfaldlega þannig að þegar aðstæður eru bestar til að stunda skotfimi eru aðstæður einnig bestar til að stunda útivist á áhrifsvæði starfseminnar sem og útiveru við heimili, þar rekast hagsmunir saman.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Að halda því fram að HER gangi gegn tilgangi styttingar vinnuviku með takmörkunum á starfsemi SR nær engri átt. Hafa ber í huga að á sama tíma og vilja nýta styttingu vinnuviku til skotæfinga vilja aðrir nýta þann tíma til útivistar og kæra sig ekki um ónæði frá skotfimi. Þeirra réttur er ekki síðri en réttur þeirra sem vilja stunda skotfimi.

Takmarkanir á opnunartíma og mótahaldi er tilkominn vegna hávaða og ónæðis frá starfseminni. Sé aðstaða SR gerð þannig úr garði að dregið séu úr hávaða og ónæði með viðeigandi hávaðavörnum eru líkur á að auka mætti við opnunartímann og fjölga mótum. Félagsmenn gerðu vel með því að vinna ötullega að því að svo verði.

Athugasemdir Helgu Sigurðardóttur, Sigurborgar Sigurðardóttur og Kjartans Sigurðssonar:

Við eigendur a Moabergi, Kjalarnesi, erum algjörlega a moti skotleyfi fyrir skotfelagið a Álfsnesi vegna havaða.

Svar HER: Athugasemdin snýr ekki að ákvæðum auglýstrar tillögu að starfsleyfi heldur almennt að starfsemi skotsvæðisins.

Athugasemdir Guðmundar Lárussonar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er ekki hlutlaus stofnun að minni hálfu. Það lítur út fyrir að skipulagsfulltrúi er sá sem stjórnar því hver fær starfsleyfi og HER gerir allt í sínu valdi þ.á.m. að mættið niðurstöður til að ná því fram. Það er með ólíkindum að þessi mikilvæga stofnun sem borgarbúar treysta á t.d. Vegna mengunar fær að starfa áfram með þessum hætti. HER heldur áfram að fara með ósannindum sem ítrekað hefur verið leiðrétt. Framganga HER getur ekki talist innan eðlilegra marka. Það er sorglegt hversu djúpt spillingin nær. Blýmengun - Hljóðmengun allt hefur verið sannað, en HER heldur áfram að líta fram hjá því með ýmsum klækjum og klókabrógðum og traðkar á mannréttindum borgaranna. HER er sorgleg stofnun sem þarf að leysa upp og byggja aftur upp frá grunni.

Svar HER: HER vísar öllum aðdróttunum sem fram koma í athugasemdunum til föðurhúsanna.

Athugasemdir Sigríðar Ingólfssdóttur:

Athugasemdir vegna ætlaðrar útgáfu starfsleyfis S.R. á skotvöllum á Álfsnesi frá íbúa í Kollafirði, 162 Reykjavík.

Óskað er eftir að kennitala og heimilisfang undirritaðrar komi hvergi fram, m.a. í fundargerðum, né verði deilt til annarra vegna öryggissjónarmiða og persónuverndar.

Íbúi í Kollafirði gerir athugasemdir við ætlaða útgáfu starfsleyfis Skotfélags Reykjavíkur (S. R.) á Álfsnesi til fjögurra ára. Íbúar og landeigendur hafa látið í ljós óánægju sína um lýðheilsuspillandi hávaða, uppsafnaða mengun í jarðvegi, strönd og sjó frá æfingasvæðinu árum saman bæði með tilkynningum til HER og lögreglu auk athugasemda og undirskriftalista sem lagt hefur verið fyrir marga fundi íbúaráðs/hverfisráðs Kjalarness. HER hefur að engu haft skrif íbúaráðs og íbúa. Þrátt fyrir kærumál til ÚUA og úrskurð um lokun svæðisins í sept. 2021 (UUA 51 og 56/2021) ætlar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur enn og aftur að stefna að opnun svæðis S.R. Hagsmunir íbúa og útivistarfólks eru sniðgengnir, ýmsum lögum og reglugerðum er ekki framfylgt á kostnað heilbrigðis manna og náttúru.

EKKERT HEFUR BREYST Í UMHVERFINU SEM RÉTTLÆTIR OPNUN SVÆÐISINS.

Svar HER: Skotfélag Reykjavíkur er rekstraraðili svæðisins og umsækjandi um starfsleyfi. HER ber að taka umsóknina til efnislegrar umfjöllunar og taka afstöðu til hennar. Það er SR sem stefnir að opnun svæðisins og sækir um starfsleyfi í þeim tilgangi.

Breyting hefur verið gerð á aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2040) og á þeim grundvelli sækir SR um starfsleyfi að nýju.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Á Íbúaráðsfundi Kjalarness 11.02.2021 segir starfsmaður HER að þau geti bara unnið eftir lögum og reglum. Því ber að fagna, en ýmislegt er í lögum og reglum sem EKKI er unnið eftir. Það er rakið hér í þessu samhengi.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er tekið fram að allur atvinnurekstur sem sótt sé um starfsleyfi fyrir skuli vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Var þessu ákvæði skeytt við 1. mgr. 6. gr. með 18. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Í athugasemdum við 18. gr. í frumvarpi því sem varð að þeim lögum segir að með ákvæðinu séu lagðar til þær breytingar á nokkrum lögum er varði leyfisveitingar að þar komi skýrt fram að útgáfa skuli samræmast gildandi skipulagi, en í sumum tilvikum hafi jafnvel skort á í umræddum lögum að kveðið væri skýrt á um að leyfisveitingar skyldu samræmast skipulagi sveitarfélaga.

- Þrátt fyrir margra ára yfirlýsingar Reykjavíkurborgar um nýtt heildarskipulag Kjalarness (þ.m.t. Álfsnes, Esjumelar) hefur ekkert slíkt skipulag verið kynnt. Ekki er hægt að opna svo umdeilt svæði aftur þótt loforð séu gefin um væntanlega skipulagsvinnu.
- Ekkert í aðalskipulagi hefur verið gildi fyrir starfsemina hvorki nú né öll fyrri ár. Því hefur aldrei farið fram umhverfismat né kynning fyrir hagaðila/grenndarsamfélag vegna starfseminnar. Upphaflega var ráðgert að svæðið væri til tímabundinna afnota til ársins 2020. Íbúar sætta sig m.a. vegna þessa ekki við starfsemi skotvallana áfram til næstu fjögurra ára.
- Rannsóknarskýrsla HER 2020. (Skjal 2)
Ekkert hefur verið framkvæmt í framhaldi af kynningu skýrslunnar. Eigum við skattborgararnir að greiða rándýra skýrslugerð ef tilgangurinn er enginn og ekkert gert til úrbóta ? Jú blýnotkun bönnuð, en það er að tilstuðlan Evróðusamþykktar. Rannsóknarskýrslan var kynnt r á Íbúaráðsfundi 11. 02. 2021 með fulltrúum HER . Athyglivert er að þrátt fyrir margítreaðar athugasemdir HER í eftirliti (síðast í des. 2020) um rannsóknir á jarðvegsmengun sbr.

Hreinsun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. Frávik: samkvæmt starfsleyfisskilyrðunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í

samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Völlurinn hefur verið starfræktur í 16 ár.

Fram kemur í skýrslunni að reiknað meðaltal hagla á fermeter á skotsvæði sé allt upp að 2500 stykki. Hlutfall blýhagla af heildarfjölda 47%. Staðfest var að högl berast niður í fjöru og sjó frá skotsvæðunum. Því er með öllu óskiljanlegt að enn hafi ekki farið fram mælingar á mengun í jarðvegi þegar rannsókn á hlutfalli blýhagla (sept 2020) er miklu hærri en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Upplýsingar þessar eru skráðar í eftirlitsskýrslum HER . Í þessari frá 2017 er eftirfarandi haft eftir Guðmundi Kristni Gíslasyni framkvæmdastjóra S.R.

Við haglabyssuvelli er mól á skotvöllum. Hljóðmanir eru úr jarðvegi og grasi. Brot úr leirdúfum eru um allt - brotin eru ekki týnd upp heldur er leirinn látinn brotna niður. Yfirborðsefnið var ekki valið sérstaklega út frá hæfni þess til að binda þungmálma, (sbr. grein 2.1.1. í starfsleyfisskilyrðunum) en Guðmundur sagði að nú væri orðið mjög lítið um blýhögl, þau væri einfaldlega orðin það mikið dýrari en stálhögl. Talið er að höglin lendi nær öll innan hljóðmana. Við skotstæðin hefur verið komið föstum netum eða körfum undir skothylki. Völlum er lokað ef vindur fer yfir 15m/s.

Ekkert hefur verið gert til að lagfæra þetta ástand og nú endurtekið í grein 6.4. í starfsleyfis skilyrðum án þess að HER setji inn í starfsleyfisskilyrðin nokkur tímamörk. Þessu hefur aldrei verið fylgt eftir af hálfu HER, samt er auglýst nýtt starfsleyfi. Sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengun í jarðvegi. Grein 6.5. í starfsleyfis auglýsingu kveður á um sýnatöku jarðvegs. Algjörlega ótímasett og því ómarktækt.



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

*Slík mæling hefur **aldrei** farið fram þrátt fyrir fyrirsmæli í fyrri starfsleyfum. Að framangreindu ætti að vera ljóst að SR er ekki treystandi til að hafa eftirlit með sjálfu sér og HER ekki að nýta sér þau úrræði sem eru í lögum til að vernda náttúruna við þessari uppsöfnuðu blýmenn.*

Krafa íbúa er að slík mæling verði unnin af til þess bærum óháðum aðila strax og kynntar áður en væntanlegt starfsleyfiverði veitt.

Svar HER: Óvissa er um hvort hægt væri að greina með vissu mengun sem stafar af völdum starfseminnar og mengun af öðrum völdum s.s. vegna aðflutts jarðvegs og urðunar úrgangs innan svæðisins áður en starfsemin hófst. Engar mælingar voru gerðar áður en starfsemin hófst og því ekki til samanburðargildi. Á meðan landnotkunin er óbreytt telur HER að mælingar þjóni takmörkuðum tilgangi. Því var lagt til í tillögu að starfsleyfi að ákvæði gr. 6.5 væri breytt á þann hátt að í stað þess að SR bæri skyldu til mælinga hefði HER heimild til að fyrirskipa mælingar á þungmálum ef og þegar tilefni þykir til.

Hávaði. (skjal 3)

Í reglugerð um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 er í 3.gr. 4.c er eftirfarandi:

besta tækni: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild. Þegar skoðaðar eru hljóðmælingar úr rannsóknaskýrslunni og bornar saman við áður gerðar hljóðmælingar t.d frá 2007 (unnar af Svövu HER) ber mælingum ekki saman og er athyglivert að nú er ekki lengur mælt við sumarhús nálægt Móabergi sem þó hefur oftast mælst með hæstu hljóðgildin. (sjá skjal 2).

Trivium, viðurkennt fyrirtæki sem sérhæfir sig í hljóðmælingum innan- og utanhúss með bestu fánlegu tækni hefur einnig mælt sambærilegt hljóðstig og fram kom í mælingum frá 2007

Íbúar kvarta yfir síendurteknum hljóðtoppum frá byssuskotum sem mælast allt um og yfir 100 dB eða langt yfir hávaðamörkum við íbúðahús, frístundahús og útivistarsvæði. Mælingarnar eru til, en því miður er ekki viðmið í reglugerð um skotvelli á Íslandi. Ef HER veldi að sinna sínu aðalhlutverki þ.e. stuðla að heilbrigði umhverfisins ætti 11. gr. 724/2008 að vera nægjanleg til að fara eftir vegna þessa. .

Enn og aftur er þess krafist að nýjar hljóðmælingar verði gerðar af óháðum aðila og niðurstöður birtar, til að fá úr þessu mikilvæga atriði skorið áður en auglýst starfsleyfi yrði samþykkt. Íbúar og fjöldi útivistarfólks á að fá að njóta vafans.

Svar HER: Ítrekað er að leiðbeiningar og viðmið fyrir hávaðamælingar frá skotvöllum skortir í íslensk lög og reglugerðir. Mælingar HER hafa staðfest að ónæði er af starfseminni og eru takmarkanir á opnunartíma til að draga úr ónæði af völdum starfseminnar. HER framkvæmdi hljóðmælingar samkvæmt sænsku aðferðinni í lok júní og byrjun júlí s.l. sbr. umfjöllun í inngangi þessa kafla. Niðurstöðurnar voru að allar mælingar utan einnar voru innan viðmiða samkvæmt aðferðinni. Endurteknar mælingar á sama stað gáfu niðurstöður innan viðmiða sbr. umfjöllun að ofan.

Esjan og nágrenni hennar eru- kyrrlát svæði til útivistar í dreifbýli – Sbr. Deiliskipulag Mógilsá Kollafjörður <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=186366752075033568> 52 því ætti hávaði ekki að fara yfir 40dB skv. 724/2008 4.gr.

Deiliskipulag Mógilsár og Kollafjarðar

3 Lýsing deiliskipulags og almennir skilmálar

Megjarmarkmið deiliskipulagsins er að festa í sessi útivistarnotkun á skipulagssvæðinu, skilgreina aðkomuleiðir, gönguleiðakerfi og ræktunarsvæði. Fyrirhugað er að auka þjónustu við útivistarfólk með því að taka frá svæði fyrir þjónustumiðstöð, bílastæði og upplýsingakort fyrir gesti. Einnfremur að bjóða upp á fjölbreyttar gönguleiðir við hæfi sem flestra og skógrækt á neðri hluta svæðisins.

Meginhugmynd skipulagsins byggir á þrískiptingu lands eftir útivistarþoli sem kynnt er í kafla 2.4. Neðsti hluti svæðisins er tekinn fyrir sérstaklega en þar er öll uppbygging fyrirhuguð. Verndarsvæði er með árfarvegum og á strandsvæðinu. Á efri svæðunum er ekki fyrirhuguð önnur uppbygging en stigagerð og því ekki þörf að skilgreina verndarsvæði sérstaklega.

Byssuskot eru ekki venjulegur hávaði heldur bæði ógnandi og kvíðavaldandi og á ekki heima hér í þessu umhverfi mönnum og dýrum til lýðheilsulegs skaða í mörg undanfarin ár. Nú er komið nóg, engan skotvöll og ekkert starfsleyfi fyrir skotvöll á Álfsnesi.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Svar HER: Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir skal sveitarstjórn með hliðsjón af niðurstöðu hávaðakortlagningar afmarka kyrrlát svæði eins og það er skilgreint í reglugerð um hávaða innan sveitarfélagsins í þéttbýli og dreifbýli. Í reglugerð. um hávaða er kyrrlát svæði skilgreint sem svæði ætlað til útivistar og er afmarkað í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða nr. 1000/2005. Kyrrlát svæði hefur ekki verið afmarkað í skipulagi á Esju eða nágrenni hennar og því ekki hægt að horfa til hávaðamarka fyrir kyrrlát svæði. Tilvist vesturlandsvegur kemur væntanlega í veg fyrir að hægt verði að skilgreina undirlendi í nágrenni við veginn sem kyrrlát svæði.

* *Fjara, sjór og fuglar*

Ljóst er að talsvert magn haglaskota hefur safnast fyrir bæð í fjörunni og hafnað í sjónum Þetta var ekki fullrannsakað í rannsóknarskýrslunni þrátt fyrir vitneskju og ábendingar. Lífríkið býður skaða af en í næsta nágrenni eru alþjóðlega mikilvægar sjófuglabýggðir m.a. í Lundey og í Akurey sem friðlýst var 2019.

Á svæðinu eru varpstöðvar lunda sem er á alþjóðlegum valista. Bent er á að ríffilskot geti náð í allt að 2ja km fjarlægð. Einnig er Kollaförður skilgeindur sem "viðkvæmur viðtaki" hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Ströndin var einnig hluti af ósnortinni strandlengju Reykjavíkur. Þrátt fyrir allt þetta hefur HER gert að tillögu sinni að S.R. fái enn og aftur starfsleyfi það er komið nóg !!!

Lögin um mengun hafa og stranda nr.33/2004 taka af öll tvímæli:

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Þá er það markmið laganna að eftir mengunaráhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

2. gr. Gildissvið.

Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi ... 1) og í mengunarlögsögu Íslands, og hefur eða getur haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Svar HER: Ekki er um efnislegar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi að ræða. HER hefur ekki fengið ábendingar um fugladauða vegna blýeitrunar eða ríffilskota eða önnur óæskileg áhrif á lífríki af völdum starfsemi skotsvæðanna í Álfsnesi. Samkvæmt svari frá Náttúrufræði stofnun Íslands dags. 31. ágúst 2021 hafa slíkar ábendingar ekki heldur borist til NÍ. Ekki er útilokað að áhrif hafi orðið á lífríki en ekki hefur verið sýnt fram á það. Notkun blýhagla hefur verið bönnuð og er það áfram samkvæmt þeirri tillögu að starfsleyfi sem er hér til umfjöllunar og er það gert í varúðarskyni vegna mögulegra áhrifa á lífríki.

• *Eftirlitsskylda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í greinargerð með fyrirspurn Íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13.febrúar 2021 (sjá skjal nr. 4)*

Nr. 1 Á ekki lengur við.

Nr. 2 Eflaust fór fram samráð og það til skjalfest. En hvað var framkvæmt ? Hvernig var efninu fargað ? kemur ekki fram. Nr. 3 Nú er komin reglugerð nr. 1400/2020 og því ekkert að vanbúnaði til að framkvæma jarðvegsmælingar strax.

Nr.4 Fram kemur endurtekið í eftirlitsskýrslum HER að leirdúfbrot (gætu innihaldið eitrefni) og skothylki séu ekki hreinsuð af svæðinu. Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi grein 2.2.1. Þessu ákvæð hefur ekki verið fylgt eftir í áráðir, samt er auglýst aftur 2022

Nr.5 Þrátt fyrir 16 ára sögu Skotreyndar á svæðinu og skýr ákvæði lögum 33/2004 um mengun sjávar auglýsir HER starfsleyfi fyrir Skotreynd.

Nr.6 Og... samt gerir HER enn 2022 tillögur að nýju starfsleyfi fyrir Skotreynd án óháðra mælinga.

Nr.7 Er ásætlanlegt af HER að gera tillögu að starfsleyfi, 2022 þegar skilyrðum áður útgefinna starfsleyfa hefur ekki verið framfylgt

Samantekt athugasemda v. ætlaðrar útgáfu starfsleyfis Skotreyndar í Álfsnesi.

Eins og marg oft hefur komið fram eru íbúar og landeigendur orðnir langþreyttir á starfsemi skotvallanna og vísast til lista 40 undirskrifta sem afhentur var í des. 2019, greinargóðum athugasemdum við auglýsingu



starfsleyfis 2021 frá 11 íbúum í Kollafirði auk kæru til Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála 2021sem felldi starfsleyfið úr gildi.

Með þessum rökum höfna ég ætluðu starfsleyfi til S.R. 2022

Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur, fyrir skotvöll í Álfsnesi í grein: (skjal 5)

1.4. kemur fram "að starfsleyfið skuli endurskoðað ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út"

Nú þegar er staðfest í rannsóknarskýrslunni að notkun blýs hefur verið langt umfram það sem búist var við. Þótt búið sé að banna blý er uppsafnað blý margra ára líklega í jarðvegi, strönd og sjó.....SAMT ætlar HER að stefna að áframhaldandi starfsemi.

1.6 Margítreakaðar ábendingar um úrbætur í eftirlitsskýrslum HER eru hundsáðar ásamt því að reglur þær sem að framan greinir eru brotnar/ eða framhjá þeim gengið. HER hefur ríka eftirlitsskyldu með starfseminni.en auglýsir nú aftur starfsleyfi 2022

2.2. Engar mælingar hafa farið fram á eiturefnamagni í leirdúfum og leirdúfubrot ekki hreinsuð af svæðinu þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar HER

3.1. Vísað til umsagnar hér að ofan um hávaða.

3.2. Fram til þessa hafa þær aðgerðir Skotreynd til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða litlu/engu breytt s.l. 13 ár sem fyrri starfsleyfi hafa sagt fyrir um. Esjan verður varla færð fyrir Skotreynd en úr klettunum endurkastast skothljóðin. Þetta veit HER.

4.1.1.Allar forsendur um leyfðan skottíma í starfsleyfi 2021eru skv. þessu brostnar. Hvað breyttist sem rökstyður lengdan opnunartíma skotvallarins ?

4.1.2.hvernig á þetta ákvæði að virka ? Eiga íbúar að fylgjast með heimasíðum skotfélaganna hvort það sé keppni eða ekki. Lágmarks kurteisi við íbúa er að tilkynning sé send með 14 daga fyrirvara á Facebook síðu –Kjalarnes-. En ítrekað er við höfnum nýja starfsleyfinu

5. Þetta hefur allt verið í fyrri starfsleyfum, en því miður lítið uppfyllt sbr. eftirlitsskýrslur HER

6.1. Fram til þessa ekki uppfyllt skilyrði

6.2. Getur ??? Hvert á að tilkynna slíkt ? HER er eftirlitsaðilinn.

6.3. hefur verið uppfyllt.

6.4. Þetta er löngu fram komið ákvæði, en ekkert hefur verið framkvæmt.

6.5. Það er sanngjörn krafa að ÁÐUR en ætlað nýtt starfsleyfi til Skotreynd komi til endanlegrar afgreiðslu verði framkvæmdar jarðvegsmælingar sbr. 1400/2020 af óháðum aðila og niðurstöður kynntar íbúum nærliggjandi svæðis. Að skv. 6.5. mæling á mengun jarðvegs sé ótímasett er ótrúverðugt í meira lagi. Eftirlitsskýrslur HER ættu að vera víti til varnaðar.

Að gerðar verði raunhæfar hljóðmælingar m.a. við göngustíg í Esjunni, sem fari fram ef starfsemi er á völlum, til að taka af allan vafa um mælingarnar og þær verði unnar af óháðum viðurkenndum aðila. Lenging opnunartíma og lengri starfsleyfistími er ekki samkvæmt umsögn skipulagsfulltrúa 18.maí 2022,þar er ennfremur kallað eftir nýjum hljóðmælingum sbr.

kallað á nýjar hljóðmælingar og yrðu niðurstöður þeirra fylgigagn með auglýsingu á tillögu að starfsleyfi. Tillaga að starfsleyfi verður ekki auglýst fyrr en þessi gögn liggja fyrir. Í niðurstöðu

Svar HER: Könnun HER haustið 2020 var ætlað að gefa hugmynd um notkun blýhagla á skotsvæðunum. Könnunin var ekki hugsuð sem heildarúttekt á hlutfalli blýhagla og því ekki hægt að fullyrða út frá henni að alla tíð hafi notkun blýhagla verið tæpur helmingur allra hagla. Til að meta það þyrfti viðameiri rannsókn. Notkun blýhagla er nú bönnuð svo áframhaldandi starfsemi mun ekki bæta neinu við hvað varðar mögulega blýmengun.

Ekki hefur verið talin þörf á rannsóknum á leirdúfubrotum þar sem að sem að í starfsleyfi eru ákveðnar takmarkanir á mengandi efnum í þeim.

Tillögu að opnunartíma var ætlað að koma til móts við mismunandi hagsmunahópa þannig að starfsemin væri heimil en um leið dregið úr ónæði og hávaða frá því þegar opnunartími var rýmri.

Óvissa er um hvort hægt væri að greina með vissu mengun sem stafar af völdum starfseminnar og mengun af öðrum völdum s.s. vegna aðflutts jarðvegs og urðunar úrgangs innan svæðisins áður en starfsemin hófst.



Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Engar mælingar voru gerðar áður en starfsemin hófst og því ekki til samanburðargildi. Á meðan landnotkunin er óbreytt telur HER að mælingar þjóni takmörkuðum tilgangi. Því var lagt til í tillögu að starfsleyfi að ákvæði gr. 6.5 væri breytt á þann hátt að í stað þess að Skotreynd bæri skyldu til mælinga hefði HER heimild til að fyrirskipa mælingar á þungmálum ef og þegar tilefni þykir til.

HER andmælir því að lenging opnunartíma og lengri starfsleyfisstími sé ekki samkvæmt umsögn skipulagsfulltrúa. HER óskaði eftir umsögn skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og hvað varðar gildistíma starfsleyfis. Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 var mælt með því að gefa út starfsleyfi til skemmri tíma að teknu tilliti til gildistíma skipulagsáætlunar, í þessu tilfalli AR2040. Í tillögu að starfsleyfi var lagt til að gildistími væri rúm 4 ár eða til loka október 2026 sem er vel innan gildistíma AR2040. Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023 er mælt með því að gildistími verði 2 ár og verður það svo í tillögu að starfsleyfi sem lögð verður framá fund heilbrigðisnefndar til afgreiðslu.

Skipulagsfulltrúi er ekki útgefandi starfsleyfis og setur því starfseminni ekki skilyrði í starfsleyfi. Tilvitnun tekin úr texta umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 er ekki hluti af umfjöllun eða niðurstöðu skipulagsfulltrúa heldur inngangskafli í umsögn skipulagsfulltrúa þar sem gerð er grein fyrir erindi HER þ.e. beiðni HER um umsögn. Þá er tilvitnunin slitin úr samhengi en textinn úr erindi HER, eins og hann er samantekinn í umsögn skipulagsfulltrúa, er svona „Svar UST getur kallað á nýjar hljóðmælingar og yrðu niðurstöður þeirra fylgigagn með auglýsingu á tillögu að starfsleyfi. Tillaga að starfsleyfi verður ekki auglýst fyrr en þessi gögn liggja fyrir. Í niðurstöðu...“. Eins og rakið hefur verið telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á þeirri mæliaðferð sem UST mælti með og því voru ekki gerðar nýjar hljóðmælingar fyrir auglýsingu á tillögu að starfsleyfi.

LOKAORÐ

Ég hafna alfarið útgáfu starfsleyfis fyrir S.R. 2022 eftir allt sem á undan hefur gengið eins og fram kemur í athugasemdum þessum auk allra þeirra fylgiskjala sem fylgdu kærnu til ÚUA 2021. Í rauninni er aðför Reykjavíkurborgar að íbúum þessa svæðis til mikillar skammar fyrir starfsmenn og stjórnendur borgarinnar. Samtal við íbúa sem borgarstjóri taldi nauðsynlegt á fundi með íbúum í byrjun maí 2022 hefur ekki enn orðið og...fólk meira og minna farið þi langþráð ferðalög eftir takmarkanir síðustu 2ja ára og því erfitt að ná í undirskriftir allra þeirra sem ég veit að eru samþykkir/sammála athugasemdum þessum

Öll sú hagsmunagæsla fyrir S.R. innan hinna ýmsu skúmaskota borgarkerfisins á kostnað íbúanna er í öllu falli ógeðfæld.

Ég er ekki á móti félögum í Skotfélagi Reykjavíkur og óska félaginu betri aðstöðu til æfinga, í meiri og betri sátt við umhverfið. Á svæði S.R. eru takmarkaðar hljóðmanir, skothvellir háværir og höglín dreifast víða því er uppsafnað nokkuð magn í fjörunni og sjónum.

Engar varnir eru þar.

Skothvellirnar eiga ekki heima á Álfsnesi og hafa aldrei átt m.t.t. skipulags. Íbúar hafa flúið hýbýli, sín selt og flutt annað, ýmiskonar mengun á landi og sjó, talsverð lýðheilsuleg áhrif á íbúa, börn koma grátandi inn “byssumennirnir eru “. Hestafólk lendir í vandræðum v. skothvellanna. Óvelkomin áhrif á vinsælu annars kyrrlátu útivistarsvæði.

Svör HER: Ekki efnislegar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi.

Fylgigögn með athugasemdum Sigríðar Ingólfssdóttur



Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst á síðast liðnu ári umsókn frá Skotfélagi Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins að Álfsnesi. Dagana 3.-18. september 2020 fóru fram rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi og voru þær liður í vinnslu nýrra starfsleyfisskilyrða auk þess sem rannsakaðar voru kvartanir sem borist hafa embættinu. Rannsókninni var skipt í tvennt.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði

Talning á höglum í jarðvegi

Þann 18. september fór fram talning á höglum í jarðvegi. Eins og kom fram í forkönnun þann 3. september þá voru högl greinanleg í opnum jarðvegi en illgreinanleg annars staðar. Var því ákveðið að talning hagla færi fram með því að setja út talningareiti í opnum jarðvegi dreift á svæðinu og fjöldi hagla talinn á yfirborði. Reitum var reiti dreift um svæðið til að fá sem besta mynd af fjölda og dreifingu hagla á svæðinu og voru þeir í c.a. 100-150m fjarlægð frá hvoru skotsvæði. Niðurstöður voru aðgreindar milli skotsvæða.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit



Mynd 2 er yfirlitsmynd fyrir bæði skotsvæði. Vinstra megin er skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur og hægra megin er skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur. Sýnatökustaðir þar sem högl voru talin eru merktir með brúnum punkti.



Mynd 3 sýnir talningareit staðsettan á dæmigerðum sýnatökureit (vinstri) og hvernig reitum var gefið nafn (hægri)

	A	B	C	D	E
1	A1	B1	C1	D1	E1
2	A2	B2	C2	D2	E2
3	A3	B3	C3	D3	E3
4	A4	B4	C4	D4	E4
5	A5	B5	C5	D5	E5

Við talningar var settur niður rammur á hverjum sýnatökustað sem var 50 x 50 cm á stærð með innri reiti sem voru 10 x 10 cm (mynd 3). Við greiningu gagna fékk hver 10 x 10 reitur heiti. Mynd var tekin af hverjum ramma og staðsetning skráð og fjöldi hagla í hverjum 10 x 10 cm reit talinn. Við hvern sýnatökustað var einn 10x10 cm reitur valinn og höglum safnað í sýnapoka sem var merktur þeim reit til að nota við hlutfallsgreiningu á blýhöglum. Til að reikna út fjölda hagla á fermetra (m²) var fjöldi talinna hagla í hverjum 10x10 cm reit margfaldaður með 100, (þ.e. 100 10x10 cm reitir eru 1



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit

m²) og áætlaður fjöldi hagla á fermetra fyrir sýnatökureitinn fenginn með því að reikna út meðaltal þessara 25 reita. Staðalskekkja við þessa útreikninga var reiknuð með eftirfarandi formúlu.

$$\text{Staðalskekkja} = \frac{\text{Staðalfrávik}}{\sqrt{n}}$$

Niðurstöður talninga hagla

Tafla 1 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermeter (m²) við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermeter (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
1	84	336	52
2	41	164	28
3	65	260	34
4	144	576	66
5	129	516	45
6	114	456	65
7	276	1104	87
8	99	396	50
9	101	404	45
10	15	60	26
11	69	276	39
12	145	580	68
13	150	600	54
14	429	1716	149
15	213	852	73
16	283	1132	136

Tafla 2 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermeter (m²) við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyrn).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermeter (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
17	52	208	42
18	400	1600	107
19	639	2556	168
20	503	2012	194
21	349	1396	128
22	534	2136	139
23	207	828	112

Niðurstöður talninga voru notuð til að reikna áætlaðan fjölda hagla á fermeter fyrir hvert skotsvæði og má sjá þær niðurstöður í töflu 3 hér að neðan.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit

Tafla 3 sýnir reiknað meðaltal hagla á fermetra (m²) fyrir alla sýnatökustaði skipt eftir skotfélögum.

	Skotfélag Reykjavíkur (SR)	Skotveiðifélag Reykjavíkur (Skotreyrn)
Áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m ²)	589,3	1533,7
Staðalskekkja	103,2	282,8
Fjöldi sýna (n)	16	7

Talningar á höglum samantekt

Þegar áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m²) er skoðaður fyrir bæði svæðin sést að talsvert magn af höglum er að finna í jarðveginum við skotsvæðin en það var ekki óviðbúið. Greinilegur munur er á áætluðum fjölda hagla á fermetra (m²) milli skotsvæða. Rétt er að taka fram að aðstæður eru mismunandi milli skotsvæða og er að jarðvegsmön sem er við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur (SR) taki stóran hluta af höglum sem þaðan berst. Við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyrn) er engin slík jarðvegsmön og sýnatökustaðir í beinni sjónlínu við skotsvæðið.



Mynd 4 sýnir drægni haglaskota ef miðað er við 250 m radius

Skv. upplýsingum frá skotsfélögnum getur drægni haglaskota verið allt að 250 m frá skotstað og þar sem skotstofna beggja skotsvæða vísar út að sjó er víst að haglaskot berast niður í fjöruna neðan við skotsvæðin og var það staðfest í forkönnun HER á svæðinu.

Greining á hlutfalli blýhagla

Til fá hugmynd um hlutfall blýhagla á móti stálhöglum var ákveðið að senda högl til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem voru tekin í forkönnun þann 6. september á mismunandi stöðum á svæðinu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Skoðuð voru massahlutföll frumefna í 33 höglum og reyndust 12 þeirra vera úr stáli en 21 þeirra úr blýi. Einnig var skoðað hvort að högl væru segulmögnum og reyndust 10 af 12 stálhöglum taka segul en þau tvö sem ekki tóku segul voru ryðguð. Við skoðun reyndust engin blýhögl taka segul. Massahlutfall af blýi í höglum var nokkuð breytilegt en blýhögl innihéldu frá 76,9 til 92,48% en stálhögl innihéldu frá 0,6 til 8,6%. Niðurstöður greiningar eru meðfylgjandi sem fylgiskjal 1.

Niðurstöður greiningar HER á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sýndu að fjöldi blýhagla var talsverður en einnig að blý var að finna í bæði stál- og blýhöglum í mis miklum mæli. Einnig sýndi rannsóknin að öll heilleg stálhögl væru segulmögnum en blýhöglin ekki og var því hægt að greina í sundur högl með segli.


Tafla 4 sýnir þá talningareiti þar sem högl voru tekin til hlutfallsgreininga

Sýnatökureitur	Blýhögl tekin úr reit	Skotsvæði
1	A1	Skotfélag Reykjavíkur
2	B1	Skotfélag Reykjavíkur
3	C1	Skotfélag Reykjavíkur
4	D1	Skotfélag Reykjavíkur
5	E1	Skotfélag Reykjavíkur
6	A2	Skotfélag Reykjavíkur
7	B2	Skotfélag Reykjavíkur
8	C2	Skotfélag Reykjavíkur
9	A1	Skotfélag Reykjavíkur
10	B1	Skotfélag Reykjavíkur
11	C1	Skotfélag Reykjavíkur
12	D1 & D3	Skotfélag Reykjavíkur
13	E1	Skotfélag Reykjavíkur
14	A2	Skotfélag Reykjavíkur
15	B2	Skotfélag Reykjavíkur
16	C2	Skotfélag Reykjavíkur
17	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
18	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
19	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
20	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
21	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
22	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
23	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur

Eins og áður hefur komið fram var öllum höglum í einum reit á hverjum sýnatökustað safnað og voru högl hvers sýnis aðgreind með segli. Heildarfjöldi hagla var 200 og var hlutfall blýhagla af heildarfjölda um 47%. Ekki var talin ástæða til að greina sérstaklega mun á milli svæða Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur hvað þetta varðar



HLUTFALL BLÝHAGLA Á MÓTI STÁLHÖGLUM



Hlutfall úr heildarfjölda greindra hagra

Mynd 5: Myndin sýnir hlutfall blýhagla af heildarfjölda í greiningu HER.

Samantekt rannsókna á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagla sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.



3

Mæliskýrsla: Hljóðmælingar vegna skotæfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi 12. júní 2007

Aðstæður og veður: Fyrirhugað skotæfingasvæði í Álfsnesi liggur hægra megin við urðunarstaðinn, niður að strönd Kollafjarðar. Mælt var á þremur stöðum; við sumarbústað sem stendur hinumegin við Kollafjörðinn, nálægt Móabergi; við smábýlið Skriðu undir Esjuhlíðum og við íbúðarhúsið Hvamm sem liggur neðan Vesturlandsvegur við hliðina á Sætúni.

Veður: Léttskýjað, hiti 11 stig, vindhraði 3 m/s, upp að 5 m/s í hviðum.

Mæliaðferð: Við mælingarnar var fylgt sænsku mæliaðferðinni *Metod för immisionsmätning av externt industribuller*. Við mælingarnar var notaður hljóðmælir af gerðinni Bruel & Kjaer 2250. Um mælingar sá Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, viðstödd mælingu voru Anna Rósa Böðvarsdóttir heilbrigðisfulltrúi og Hilmar formaður Skotfélags Reykjavíkur.

Mæling nr. 1. Viðmiðunarmæling. Mælt var við sumarbústað sem stendur nálægt Móabergi. Sumarbústaðurinn er hinu megin við Kollafjörðinn, fyrir neðan Vesturlandsveg. Mælir stóð á grasi í garði við bústaðinn í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 11:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	89,8 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,2 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	38,7 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 2. Skotið úr 2 haglabýssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 11:38 og stóð í 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá æfingasvæðinu og Vesturlandsvegi.

LCpeak	102,4 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	76,3 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	47,7 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

(5 db sekt vegna högghljóðs hækka jafngildishljóðsstig í 52 dB(A))

Mæling nr. 3. Viðmiðunarmæling. Mælt var við íbúðarhúsið Skriðu undir Esjuhlíðum. Mælir stóð á grasi við hús í ca. 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:03 og stóð í tæpar 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak	93,1 dB(A)	=> Hæsti hljóðtoppur
Lamax	51,5 dB(A)	=> Hæsta hljóðbil
Laeq	41,5 dB(A)	=> Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 4. Skotið úr 2 haglabýssum á skotæfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12:10 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var umferð á Vesturlandsvegi og frá skotæfingasvæði.



Heilbrigðisfirlit Reykjavíkur

Umhverfisefirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

LCpeak 95,1 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 55,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 42,4 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðsstig í 47 dB(A))

Mæling nr. 5. Viðmiðunarmæling. Mælt var íbúðarhúsið Hvamm sem er neðan við Vesturlandsveg, við hliðina á Sættúni. Mælir stóð á grasi við heimreið hússins, í um 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:30 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 88,0 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 63,0 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,8 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Mæling nr. 6. Skotið úr 2 haglabyssum á skotæfingasvæði: Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 12:37 og stóð í 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 103,9 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 74,4 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 49,0 dB(A) => Jafngildishljóðsstig
(5 db sekt vegna högghljóðs hækkar jafngildishljóðsstig í 54 dB(A))

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit



Mynd 11 sýnir SP4 hljóðmæli uppsettan við Skriðu og Stekk

Niðurstöður hljóðmælinga:

Eftirfarandi eru niðurstöður ú hljóðmælingum sem fóru fram þann 15. september 2020 milli kl 13 og 16. Hiti var um 7 C° og vindur var undir 5 m/s á öllum mælistöðum.

Tafla 5 sýnir niðurstöður hljóðmælinga fyrir mælistaði

		Móaberg	Skriða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1 (riffilskot)	LAeq	44	45	51		
11:05 mín	LAfmax			60		
	LCeq	70	58	94		
Mæling 2 (haglakot)	LAeq	45	49	49		
06:07 mín	LAfmax			55		
	LCeq	71	58	92		
Mæling 3 (riffilskot)	LAeq	47	49		47	
11:05 mín	LAfmax				60	
	LCeq	73	61		98	
Mæling 4 (haglakot)	LAeq	46	51		47	
04:37 mín	LAfmax				59	
	LCeq	67	60		88	
Mæling 5 (riffilskot)	LAeq	46	51			50
10:44 mín	LAfmax					65
	LCeq	72	59			99
Mæling 6 (haglakot)	LAeq	46	53			52
07:12 mín	LAfmax					61
	LCeq	70	59			97



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

4



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskýrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfsemi.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

Svar: Ekki er ljóst í hvaða nýju upplýsingar er verið að vísa í fyrirspurninni en væntanlega er verið að vísa í skýrslu íbúa sem lögð var fyrir fund íbúaráðsins á fundi þess í desember 2019. Starfsleyfi og starfsleyfisskýrði hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslunni. Starfsleyfi og starfsleyfisskýrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur hefur verið óbreytt frá útgáfu leyfisins. Gerð var breyting á starfsleyfisskýrðum fyrir starfsemi Skotveiðifélagsins árið 2015 og var sú breyting ummín í samræmi við þágildandi rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.a. hvað varðar auglýsingu á tillögu að breytingunni. Starfsleyfi fyrir starfsemi á skotvöllum renna nú í ár 2020 og á næsta ári 2021. Starfsleyfisskýrði eru endurskoðuð í umsóknarferli vegna umsókna um endurnýjun leyfanna.

1

Í annari grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

2

Svar: Yfirborðsefni var ekki sérstaklega valið með tilliti til þess að binda þungmálma. Miðað var við að endurnýja yfirborðsefni, væri ástæða talin til, og farga því efni sem tekið yrði sem spilliefni. Samráð fór fram varðandi það og það er til skjalfest.

3

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Svar: Mælingar hafa ekki farið fram. Þess ber að geta að í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki að finna viðmið fyrir styrk efna í jarðvegi með tilliti til mengunar. Því er ekki ljóst hvernig túlka ætti eða nýta niðurstöður slíkra mælinga.

4

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert svo Heilbrigðiseftirlitið viti til.

Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

5

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert.

Í grein 2.2 er talað um að takmarka útbreiðslu hávaða annarsvegar og hinsvegar að HER mun leita leiða til að meta hávaða eftir bestu fánlegu tækni.



heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12-14
105 Reykjavík



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hafa þessar mælingar farið fram, eru upplýsingar um þær aðgengilegar ásamt lýsingu á staðsetningu og aðferðarfræðinni við að mæla hávaðamengun?

Svar: Hávaðamælingar fóru fram við undirbúning útgáfu starfsleyfa og skömmu eftir útgáfu starfsleyfa fyrir skotvöllina. Eftirlitsskýrslur voru gerðar í kjölfar mælinganna þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Skýrslurnar eru opinber gögn og hægt að fá afrit af þeim. Beiðni um skýrslur skal senda á netfangið heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is.

Hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fengið einhverjar visbendingar um að hávaðamengun hafi valdið ónæði?

6

Svar: Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist kvartanir frá opnun skotvallanna um ónæði vegna starfsemi á skotvöllum. Niðurstöður hávaðamælinga sem HER hefur framkvæmt hafa einnig gefið þær niðurstöður að ónæði geti stafað af starfsemi.

Í 4 grein er talað um skráningu æfingatíma, áætlað magn blýs sem fellur á æfingavöllinn og fjölda og tegund leirdúfa.

Eru þessar skráningar til hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fyrri bæði svæðin?

7

Svar: Skýrslur hafa borist frá skotfélögum fyrir flest ár en eitthvað vantar upp á skil. Við skoðun er ljóst að ekki eru fullnægjandi upplýsingar í öllum skýrslum.

Starfsleyfi SR rennur út 11 mars næstkomandi, sér Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eitthvað því til fyrirstöðu að gefið verði út starfsleyfi til næstu 12 ára.

Svar: HER vill benda á að staðsetning skotvalla er skipulagsmál. HER leitar umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemi samræmist skipulagi og einungis að fenginni jákvæðri umsögn embættist skipulagsfulltrúa getur HER gefið út nýtt starfsleyfi.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis hefur borist HER og er hún í vinnslu hjá HER. HER mun leita umsóknar skipulagsfulltrúa vegna umsóknarinnar sem fyrr segir. Þess má geta að í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimild til útgefanda starfsleyfis til að framlengja gildistíma starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki í eitt ár, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. HER telur koma til greina að nýta þessa heimild hvað varðar starfsleyfi SR og að tíminn verði nýttur til rannsókna á mengun frá starfsemi. Niðurstöðurnar yrðu nýttar við endurskoðun starfsleyfis.



heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartún 12-14
105 Reykjavík



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá dd.mm. 2022 til 31. október. 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömulciðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



REYKJAVÍKURBORG
Heilbrigðiseftirlit

3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelld. Einungis er heimilt að halda eitt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissvöptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílat fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.

Tillaga að starfsleyfisskýrðum til auglýsingar fyrir skotvöll Skotreyrn vegna umsóknar um starfsleyfi árið 2022



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023



REYKJAVÍKURBORG
Heilbrigðiseftirlit

- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Tillaga að starfsleyfisskýrðum til auglýsingar fyrir skotvöll Skotreyrn vegna umsóknar um starfsleyfi árið 2022

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Gerðar voru þrjár tillögur að breytingum á ákvæðum starfsleyfisskýrða frá auglýstri tillögu þegar umsókn SR var lögð fyrir fund heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 25. janúar 2023.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Umhverfiseftirlit

Drög að greinargerð um málsmeðferð vegna umsóknar Skotfélags Reykjavíkur um starfsleyfi_23.01.2023

Í ljósi umsagnar verkefnisstjóra aðalskipulags Reykjavíkur var lögð til breyting á gr. 1.2 varðandi gildistíma starfsleyfis á þann veg að í stað þess að gilda til 31. október 2026 verði gildistími 2 ár frá útgáfudegi eða til 25. janúar 2025.

Gerð var tillaga um breytingu á gr. 3.2. Í auglýsti tillögu að starfsleyfi var greinin svohljóðandi: Að jafnaði skal nota hljóðdeyfa í ríffilskotfimi þegar því verður viðkomið. Breytingartillaga var svohljóðandi: Nota skal hljóðdeyfa í ríffilskotfimi. Einungis er heimilt að nota ríffil án hljóðdeyfa í þeim skotgreinum sem alþjóðareglur kveða svo á um.

Loks var gerð tillaga um að við gr. 4.1.2 bættist eftirfarandi texti: Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur á ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.

Tillögum var.....á fundi heilbrigðisnefndar.

6. Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Skotfélags Reykjavíkur lögð fyrir 1679. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 17. janúar 2023 og samþykkt að vísa umsókninni til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Umsókn Skotfélags Reykjavíkur var lögð fyrir xxx fund heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 25. janúar 2023. Afgreiðsla nefndarinnar var eftirfarandi:

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 26 janúar 2023

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri umhverfiseftirlits